

Bókun:

Bæjarstjórn hefur tekið fyrir svar Forsætisráðuneytisins við erindi Öku kennarafélags Íslands um afnot af landi í eigu ríkisins fyrir æfingasvæði. Sveitarfélagið Ölfus telur sig ekki vera aðila að þessum samkomulagi þar sem það er á milli landeiganda og notanda lóðar. Forsætisráðuneytinu ber að afmarka það land sem á að vera undir akstursbraut Öku kennarafélags Íslands og einnig undir aksturssvæði VÍK.

Forsætisráðuneytinu ber að stofna þau lönd sem þeir hafa eignast/eru með umráðarétt yfir og tekinn hefur verið út úr landi sveitarfélaga.

Sveitarfélagið vill benda á að landeiganda ber að gera lóðaleigusamning við notanda lóðar og í framhaldi óska eftir heimild sveitarfélags til að deili skipuleggja það svæði sem samið er um.

Sveitarfélagið Ölfus vísar því málinu til baka til Forsætisráðuneytis og mun ekki aðhafast frekar í málinu fyrr en fyrir liggur stofnskal fyrir eignarlandi ríkisins og lóðarsamningur milli aðila.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss.



Öku kennarafélag Íslands

Þarabakka 3
109 Reykjavík

Þorlákshöfn, 28. júní 2013
nr. erindis 1201026 SJ

Á 40. fundi skipulags- og byggingar- og umhverfisnefndar Ölfus 18. júní 2013 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Skipulagslýsing, matslýsing, tilkynning fyrir Akstursbrautir við Bolaöldur.

Mál nr. 1201026 um skipulagslýsingu fyrir aksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur í Ölfusi. Ákvörðun um matsskyldu. Skipulagsstofnun tilkynnir ákvörðun sína með tölvupósti dagsettum 14. júní 2013 um matsskyldu framkvæmdarinnar. Fram kemur að uppbygging á fyrirhugdum framkvæmdum sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Áður en framkvæmdir koma til framkvæmda skal liggja fyrir umsagnir frá umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands samkvæmt lögum þar um. Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út skal liggja fyrir verktihögum um mótvægisadgerðir sem kynnt hefur verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið. Vegna nálægðar við vatnsverndar fjarsvæði A, höfuðborgarsvæðisins og fjarsvæði vatnsverndar Sveitarfélagsins Ölfus, skal allt ofanvatn frá malbikuðum brautum leitt í malarfylltar drenrásir og það síða áður en því verður skilað aftur í grunnvatnskerfi svæðisins. Fráveita á svæðinu fylgi lögum og reglum þar um. Um geymslu á eldsneyti og hættulegum eftum eða spilliefnum verði samkvæmt starfsleyfi og framkvæmdaleyfi og umgengnisreglum fylgt þar um. Allar reglur um mengunarvarnir á einnig við meðan uppbygging fer fram á svæðinu. Um hljóðvist er farið eftir viðmiðunargildum þar um, fyrir hávaða á útvistarsvæðum utan þéttbýlis. Í lýsingu fyrir svæðinu kemur fram að bannað er að keyra um Ólafsskarð. Vegna nálægðar við vatnsverndarsvæði skal gæta þess að ekki sé verið að geyma eldsneyti nema í litlu magni innan svæðisins. Stutt er í Litlu Kaffistofuna til að sækja eldsneyti sem er undir ströngu eftirliti vegna mengunarhættu. Heilbrigðiseftirliti Suðurlands hefur bent á að óheimilt er að geyma eldsneytisborgðir á svæðinu og framkvæmdaraðilar muni hafa samráð við heilbrigðiseftirlitið um vöktun. Umhverfisstofnun bendir á að óhapp geti orðið vegna geymslu á olíu og bensíni og skuli endurskoða fyrirætlanir um geymslu á 1000 lítrum af bensíni á athafnasvæði VÍK og ÖÍ og einnig er vardí skipti um olíu á bílum eða mótorhjólum. Fyrirhugað

er að setja upp varnir fyrir því að olía og spilliefni berist í jarðveg ef óhöpp verði, sem uppfylla ákvæði heilbrigðisýfirvalda. Allur akstur á svæðinu er bannaður utan merktra brauta sem skipulagið tekur yfir. Um mannvirkí í tengslum við ökugerðið er fyrirhugað að reisa 200-300 m² geymslu- og þjónustuhús og 5.000-8.000 m² vélhjólahöll á athafasvæði við vélhjólabrautirnar sem verður geymsla fyrir vélhjól auk þvottaplans og bílastædis. Fram kemur að ekið hafi verið á vélhjólum í hrauni suðvestan við Eldborg, sem er á náttúruminjaskrá vegna eldvarpanna og hrauntraðanna frá þeim ásamt hrauninu umhverfis. Ekki skal aka utan viðurkenndra brauta sérstaklega á þessu svæði. Það sem kynnt hefur verið Skipulagsstofnun um akstursbrautir og ekki farið út fyrir þær brautir eru líkur á að dregið verði úr utanvegaakstri. Ítrekað er að VÍK og ÖÍ og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verklagstilhögur og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar, samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000

m.s.b. má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Kærufrestur er til 15. júlí 2013.

Álit Skipulagsstofnunar, skv. bréfi dags. 12. júní 2013, um skipulagslysingu, matslysingu og tilkynningu fyrir akstursbrautir við Bolaöldur er á þá leið að uppbrygging aksturskennslusvæðis og vélhjólaakstursbrauta við Bolaöldur sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Bæjarstjórn, tók fyrir á fundi sínum 27. júní 2013, gerir ekki athugasemd við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar. Við útgáfu framkvæmdaleyfis skal farið eftir ábendingum Skipulagsstofnunar.

Samþykkt samhljóða.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulags- og byggingarnefndar

Sigurður Jónsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi

**17. fundur skipulags-, byggingar- og umhverfisnefndar
haldinn í ráðhúsi, þriðjudaginn 16. ágúst 2011 og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Anna Björg Nielsdóttir, Sigríður Lára Ásbergsdóttir, Þór Emilsson, Sigurður Jónsson og Gunnþór Kristján Guðfinnsson.

Fundargerð ritaði: Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. 1108010 - Akstursbrautir við Bolaöldur og Jósefsdal

Fundað í aðstöðu Vélhjólaíþróttadeildarinnar við Bolaöldur. Fulltrúar frá VÍK voru Hrafnkell Sigtryggsson og Einar Sverrisson. Fulltrúar VÍK kynntu starfsemina og aðstöðuna á svæðinu. Farið var yfir markmiðssetninguna með að koma upp akstursbrautum, sem er að draga úr utanvegaakstri. Frá 1987 hafa þessi mál verið að lagast og er stórt munur á eftir samning um svæðið frá um 2006, þegar svæðið kom til æfingaaksturs og keppni og þeir sem höfðu verið að keyra og æfa á óskipulögum svæðum, fengu afnot af svæði sem samningar voru um við umráðaaðila landsins og skipulagsyfirlöld. Svæðið hefur tekið miklum breytingum eftir að VÍK hóf starfsemi þar. Gerðar hafa verið brautir og svæðið ræktað upp. Svæðið er ágætlega merkt en þarf þó að sjá til þess að góðar merkingar og fróðleikur nái til allra sem koma inn á svæðið, hvar má aka og hvar ekki. Rætt um að í lögum og reglugerðum er gert ráð fyrir reiðstígum, göngu- og hjólastígum en ekki brautum fyrir vélhjól sem ekki eru til að keyra á malbiki. Þegar gerður er nýr vegur eða vegir lagfærðir, þyrfi að gera leiðir fyrir vélhjól samhliða öðrum stígum, að mati þeirra hjá VÍK. Vitað er að vél- og fjórhjól eru að keyra á svæðum sem ekki eru sérstaklega skilgreind fyrir akstur fjórhjóla eða vélhjóla, og benda fulltrúar vélhjóla klúbbins á að vandinn við það verði ekki leystur fyrir en komin er umgjörð um þau mál, með sérstaklega skilgreindum svæðum og leiðum. Sveitarfélög þurfa að skoða þessi mál saman, þar sem leiðir liggja þvert yfir sveitarfélagamörk. Erlendis eru þessi mál vel skilgreind og settir fjármunir í gerð leiða fyrir fjórhjól og vélhjól. Rætt um að leiðir verði skilgreindar í skipulagi eða á sér kortum, fyrir fjórhjól og vélhjól. Spurning er hver muni leggja þær leiðir, merkjá og viðhaldar þeim? Rætt um hvort hægt væri að fela félagasamtökum ábyrgð á svona vegum/slóðum með lagningu, merkingu og viðhald? Á svæðinu við Bolaöldur er unnið við að bæta æfingabraudir, viðhald á slóðum, bæta merkingar, sá og græða upp landið milli brauta, bæta vegi að svæðinu og innan þess. Fyrirhugað er að lýsa upp brautir. Samstarf hefur verið við ÖkuKennrafélag Íslands sem fyrirhugar að setja upp akstursbrautir. Svæðið er nú þjórlenda og er ÖkuKennrafélagið að sækja

um til fjármálaráðuneytisins um leyfi til að nota landið. Sveitarfélagið hefur samþykkt að heimila skipulag fyrir akstursbrautir og samhliða skipulag fyrir VÍK sem tæki m.a. á um byggingar á svæðinu. Ósk er frá VÍK um fund með skipulagsnefnd um akstursleiðir á Helgilssvæðinu. VÍK mun senda reglulega til sveitarfélagsins upplýsingar úr árskýrslu um svæðið og starfsemina.

Rætt var einnig um fjórhjólateiguna sem hefur aðstöðu hjá VÍK. Samstarfið hefur verið gott þeirra í milli. Ekki er komin samningur á milli fjórhjólateigunnar og sveitarfélagsins um akstur á svæðinu við Bolaöldur eða á Helgilssvæðinu.

Mikilvægt er að sem fyrst verði hægt að ganga frá deiliskipulagi fyrir svæðið. Bent á að sveitarfélagið ætti að ræða við fjármálaráðuneytið, sem umráðaaðila yfir þjórlendunni, um þá starfsemi sem komin er og hvernig það sjái svæðið byggjast upp við Bolaöldur.

Fleira ekki gert.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30.

Forsætisráðuneytið.
Ragnhildur Arnljótsdóttir.
Stjórnarráðshúsinu.
150 Reykjavík

Þorlákshöfn, 12. október 2011
nr. erindis 1108027 ÓÖÓ

Efni: ÖkuKennarafélag Íslands, æfingasvæði.

Vísá í bréf yðar dags 22. ágúst s.l. vegna samnings við ÖkuKennarafélag Íslands um ökugerði í landi ríkissins. Bréfi var tekið fyrir á fundi bæjastjórnar Ölfuss 29. sept s.l. og bókaði bæjarstjórn eftirfarandi,

"Bæjarstjórn hefur tekið fyrir svar forsætisráðuneytisins við erindi ÖkuKennarafélags Íslands um afnot af landi í eigu ríkisins fyrir æfingasvæði. Áður en umrætt land var úrskurðað þjóðlenda hafði sveitarfélagið heimilað að svæðið yrði deiliskipulagt undir akstursíþróttir en eftir að ríkisvaldið hóf málarekstur fyrir óbyggðanefnd hefur sveitarfélagið haldið að sér höndum um frekari ráðstöfun á landinu og telur það nú vera í höndum forsætisráðuneytis.

*Sveitarfélagið Ölfus telur sig ekki lengur vera aðila að þessu samkomulagi þar sem það er á milli landeiganda og notanda lóðar. Forsætisráðuneytinu sem umráðamanni yfir landi ber að afmarka það land sem það á og skrá. Vilji ráðuneytið ráðstafa hluta af landi undir akstursbraut eða önnur ráðstöfun skal gera um það lóðaleigusamning. Jafnframt ber forsætisráðuneytinu að stofna þau lönd sem þeir hafa eignast/eru með umráðarétt yfir og tekinn hefur verið út úr landi sveitarfélagsins. Sveitarfélagið vill benda á að landeiganda ber að gera lóðaleigusamning við notanda lóðar og í framhaldi óska eftir heimild sveitarfélags til að deiliskipuleggja það svæði sem samið er um. Sveitarfélagið Ölfus vísar því málínun til baka til forsætisráðuneytisins og mun ekki aðhafast frekar í málínun fyrir liggur stofnskjal fyrir eignarlandi ríkisins og lóðarsamningur milli aðila".
Bókunin samþykkt samhljóða.*

Virðingarfyllst,

Ólafur Örn Ólafsson
Bæjarstjóri

Afrit: ÖkuKennarafélag Íslands.



SELTJARNARNES BÆR

Sveitarfélagið Ölfus,
Hafnarbergi 1,
815. Þorlákshöfn.

Seltjarnarnes, 08. ágúst 2013
Tilvísun 2013070018/512

Efni: :: Deiliskipulag auglýst í Ölfusi fyrir akstursíþróttasvæði við Bolaöldu .

Erindi yðar til skipulags- og mannvirkjanefndar var tekið fyrir þann 23. júlí s.l. og afgreitt með svofelldri bókun:

Afgreiðsla 189. fundar:

4. Mál.nr: 2013070018

Heiti máls: Deiliskipulag auglýst í Ölfusi fyrir akstursíþróttasvæði við Bolaöldu
Málsaðili: Sveitarfélagið Ölfus

Lýsing: Sveitarfélagið Ölfus kynnir tillögu að deiliskipulagi fyrir a
ksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur.

Afgreiðsla: Nefndin felur skipulagsstjóra að ítreka áhyggjur af mengun og
utansvæðisakstri.

Virðingarfyllst

Þórður Ólafur Búason,
Skipulags-og byggingarfulltrúi.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Ósmann Jónsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Þorlákshöfn 14.08.2013

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 14. ágúst 2013 varðandi eftirfarandi mál.

Ölfus/Grafningur

Lagður fram að nýju tölvupóstur skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Ölfusar dags. 28. júní 2013 þar sem kynnt er tillaga að deiliskipulagi fyrir aksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur á Ölfusi. Einnig er lögð fram greinargerð dags. 3. júní 2013 og uppdr. 1 og 2 Landmótunar dags. 3. júní 2013. Erindi var vísað til umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 17. júlí 2013.

Árný Sigurðardóttir tók sæti á fundinum undir þessum lið.

Umhverfis- og skipulagsráð tekur undir þær athugasemdir sem fram koma í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 17. júlí 2013.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Órn Sigurðsson

Fylgiskjal: umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 17. júlí 2013.



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Myndsendir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

Selfossi, 31. júlí 2013

1307001HS BP

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Ósmann Jónsson
Hafnarberg 1
815 Þorlákshöfn

DSL Akstursíþróttasvæði við Bolaöldur.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur fengið til umsagnar tillögur að deiliskipulagi fyrir aksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir í sveitarfélaginu Ölfusi, sem eru til kynningar frá 3. júlí 2013 til 14. ágúst 2013.

Á svæði við Bolaöldur og Jósefsdal er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir ökugerði fyrir ökukenndlu, vélhjólaakstursíþróttir og vélsléðaíþróttir á veturna á um 650 ha. Landnotkun er blönduð; opin óbyggð svæði og svæði til efnistöku auk akstursíþróttta. Deiliskipulagið nær yfir 65 ha svæði, af ofannefndum 650 ha. Gert er jafnframt ráð fyrir að reisa vélhjólahöll, allt að 8160 m² og þjónustu- og viðgerðarhús, allt að 1000 m² byggingu á einni hæð. Aðkoma að svæðinu er frá Suðurlandsvegi.

Svæðið er á fjarsvæði vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins og á mörkum Elliðaársstraums og Selvogsstraums, sem eru með stærstu grunnvatnsstraumum landsins. Óheppilegt staðarval, sem orkar tvímaelis með tilliti til þeirrar mengunarhættu, sem af ofangreindri starfsemi kann að stafa.

Höfundar skipulagsins þurfa að gera sér grein fyrir að svæðið er vatnsverndarsvæði, sem þjónar þorra landsmanna og fjölbreyttri starfsemi með neysluvatn.

Heilbrigðiseftirlits Suðurlands hefur áður bent á, í fyrri umfjöllun um skipulagið, að óheimil er öll geymsla eldsneytisborgða á svæðinu. Jafnframt er sú krafa í starfsleyfiskilyrðum vélhjólaakstursíþróttarfélags, sem starfar þegar á svæðinu, sbr. starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Verulega þarf að bæta greinargerð skipulagsins varðandi vatnsverndarmál, fjalla þarf itarlega um mótvægisgerðir og mengunarvarnir vegna mannvirkja og fyrirhugaða starfsemi og nauðsynlega vöktun vegna grunnvatns og að vöktun verði unnin m.a. í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Birgir Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi



1201026



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Sveitarfélagið Ölfus
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 17. júlí 2013
Tilvísun: 2013070167

Bolaöldur - aksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir.

Vísað er til erindis Umhverfis- og skipulagssviðs - skipulagsfulltrúa um tillögu að deiliskipulagi fyrir aksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur í Ölfusi og greinargerð með deiliskipulaginu, unnin af Landmótun, dags. 3. júní 2013. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vekur athygli á að erindi er varðar þetta mál var sent af Skipulagsstofnun þann 18. apríl sl. heilbrigðisnefndum á höfuðborgarsvæðinu, öðrum en heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og því hefur málið ekki komið til umsagnar áður hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir erindið og meðfylgjandi gögn og gerir eftirfarandi umsögn:

Um er að ræða stækkan og útvíkkun fyrilliggjandi starfsemi aksturstengdra greina við Bolaöldur. HER bendir á að umrædd starfsemi er á óheppilegum stað m.t.t. vatnsverndar en hún liggur að fjarsvæði vatnsverndarsvæðisins höfuðborgarsvæðisins (fjarsvæði A) og er á mörkum tveggja stórra grunnvatnsstrauma; Elliðavatnsstraums (Elliðaársstraums) og Selvogsstraums. HER hefur í umsögnum vegna hinna ýmsu framkvæmda á og við vatnsverndarsvæðið bent á að meirihluti landsmanna fær neysluvatn frá vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Hér er um að ræða mengandi starfsemi bæði hvað varðar notkun mengandi efna, umferðar ökutækja, hraðaksturs o.fl. og getur starfsemin þrátt fyrir að vera ekki inni á vatnsverndarsvæði haft áhrif á vatnsvernd. Fyrir er efnistökusvæði á staðnum auk jarðvegstipps til viðbótar álags á svæðinu. HER bendir einnig á að svæðið er vinsælt útivistarsvæði.

Athugasemdir við einstaka kafla:

- 1.2 Deiliskipulagssvæði. Hér þarf að lagfæra orðalag.
- 1.3 Markmið. Markmið deiliskipulagsins er að finna varanlega aðstöðu fyrir starfsemi þessa. HER telur að staðsetningin sé ekki heppileg vegna eðli starfseminnar og útheimti fyrir vikið miklar mengunarvarnir til að koma í veg fyrir mengun grunnvatns. Fram kemur í kaflanum að frágangur á svæðinu eigi að vera til fyrirmynnar og nefnd atrið þar að lútandi. HER telur að hér eigi að bæta inn að lögð verði áhersla á fyrirbyggingu vegna mengunar grunnvatns
- 2.5 Hljóðvist. Í inngangi að kaflanum er hljóðvist ekki nefnd heldur fjallað um öryggi. Bæta þarf úr því. Hér má nefna að svæðið í kring er mikið notað til útivistar auk þess sem gestir á sjálfu aksturssvæðinu eru útsettir fyrir hávaðamengun og ekkert kemur fram um það hvernig gestir skulu varaðir við né hvernig þeir geta varið sig.
- 3.1 Áhrifapættir. Laga þarf textann í upptalningunni. Hér þarf að skilja að umræðu um vatns- og loftgæði. Auk þess er það mat HER að umræða um loftmengun og loftgæði eigi heima saman í upptalningu.
- 3.4 Valkostir. Hér vantar að nefna umhverfisáhrif hvað varðar hættu á mengun grunnvatns aukast þar sem eruhraun og gljúpur jarðvegur.



3.5 Mótvægisaðgerðir. Hér þarf að nefna eins og fram kemur í kafla 4.8 að ofanvatn af malbikuðum brautum sé einnig leitt í olíugildrur áður en því verður veitt í grunnvatn. Athygli vekur að hvergi er minnst á bílapvott eða efnanotkun s.s. við gerð hálkubrauta í deiliskipulaginu. Í kaflanum þarf að bæta úr þessu og að fram komi hvaða mótvægisaðgerðum skuli beitt. HER telur æskilegast að ekki verði stundaður bílapvottur á svæðinu og að einungis skuli notað vatn til gerðar hálkubrauta eða til bílapvotta ef sú starfsemi á að vera á svæðinu.


4.3 Byggingar. Fram kemur að einnig eigi að koma upp verkstæði til bifvélaviðgerða. Ekki er gerð grein fyrir umfangi þeirrar starfsemi sérstaklega í greinargerðinni.


4.8 Fráveita. Hér kemur fram að þvottaplan eigi að vera á staðnum. Hér er viðtakinn grunnvatn sem er mun viðkvæmari viðtaki en víðast og þarf að vera skýrt að gera skuli ístarlegri kröfur en almennt er gert. Orðalagið "að leitast verði við að stemma stigu við að mengandi efni berist með ofanvatni í grunnvatn" ætti að vera "að koma í veg fyrir að mengandi efni berist með ofanvatni í grunnvatn". Í kaflanum er talað um meðhöndlun efna þ.a.m. spilliefni inni á svæðinu. Þetta ættu mögulega að vera í sér kafla. Töflu ónúmeraðri í kaflanum um viðbragðsaðila þarf að lagfæra og bæta við að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins er meðal fyrstu viðbragðsaðila auk heilbrigðiseftirlita á svæðinu.

Heilbrigðiseftirlitið áskilur sér rétt til að koma með athugasemdir við þetta mál á síðari stigum.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri


Kristín L. Ólafsdóttir
heilbrigðisfullrúi

Titill höfundar

Samrit sent:

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar- skipulagsfulltrúi

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Austurvegi 5, 800 Selfoss, b.t. Elsu Ingjaldsdóttur framkvæmdastjóra
Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, b.t. Hólmfríðar Sigurðardóttur umhverfisstjóra



**Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn**

10. nóvember 2011

Varðar: Lýsing á skipulagsverkefni og matslysing fyrir deiliskipulag aksturskennslusvæðis og vélhjólaakstursbrauta við Bolöldur.

Í meðfylgjandi plaggi er sett fram lýsing á skipulagsverkefni og matslysing og tilkynning til framkvæmdar..

Ókukennarafélag Íslands (ÓÍ) og Vélhjólaakstursbrautinn (VÍK) leggja hér fram til kynningar skipulags- og matslysingu þar sem fram koma hugmyndir vegna deiliskipulags svæðisins við Bolaöldur.

Óskað er eftir því að þetta verði tekið fyrir hjá nefndum og ráðum í sveitarfélagini.

Virðingarfyllst
Guðbrandur Bogason f.h. ÖÍ og Hrafnkell Sigtryggsson f.h. VÍK



Óskar Örn Gunnarsson
Skipulagsfræðingur SFFÍ
Landmótun sf
Hamraborg 12

Reykjavík 19.03.2012

Efni:

Aksturkennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolöldur.

Ekkert er nema gott um það að segja að aksturíþróttir fá sín afmörkuðu æfinga og keppnissvæði, en samkvæmt þeim tillögum í deiliskipulagsvinnu sem unnið er að á Bolöldusvæðinu eru reiðleiðir í uppnámi, og það er ekki ásættanlegt.

Reiðleið um þetta svæði hefur verið aðalreiðleið frá höfuðborgarsvæðinu og austur fyrir fjall undanfarna áratugi, og er aðallega notuð vor og sumar þ.e. frá júní byrjun og fram eftir sumri, sama á einnig við um gömlu þjóðleiðina um Ólafsskarð.

Krafa okkar hestamanna er að þessar reiðleiðir sem að ofan greinir verði greiðar og hindrunarlausar þó svo að aksturkennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir verði útfærðar við Bolaöldur.

EKKI er í myndinni, sem stendur, reiðleið með Hellisheiðaræð þar sem Orkuveita Reykjavíkur hefur fjarlægt hluta af veginum vegna endurheimtu votlendis. Hestamenn hafa ekki heyrт um að viðræður séu í gangi milli Vegagerðarinnar og OR um reiðleið á þjónustuvegi Hellisheiðaræðar, þrátt fyrir að það sé ágætlega útlistað um það í matsáætlun Suðurlandsvegar.

„Samkvæmt rekstraraðilum á svæðinu er lítil umferð hestamanna um svæðið og hefur svo verið undanfarin ár.“

Það er ljóst að vélhjólamenn sjá ekki langt fram fyrir stýrið á hjólunum sínum haldi þeir þessu fram. Hugsanlega hefur þó hestaumferð eitthvað minnkað um ofangreint svæði og er það vegna þeirrar ógnar sem mörgum hestamönnum stafar af óbeislaðri umferð vélhjóla á reiðvegum.

Tillögur að sátt til lausnar:

Aksturkennslusvæðið gæti hæglega færst sunnar og austar svo að reiðleiðin að undirgöngunum falli ekki innan deiliskipulagssvæðisins.

Þjóðleiðin þ.e. göngu- og reiðleið um Jósefsdal og Ólafsskarð verði leidd framhjá æfinga- og keppnissvæðinu að reiðleiðinni við undirgöng undir Suðurlandsveg.

Reiðleiðir verði merktar sem slíkar og með bannmerkjum við akstri vélknúinna ökutækja.

Virðingarfyllst

Halldór H. Halldórsson
Form. Samgöngunefndar LH

Halldór H Halldórsson

From: Óskar Örn Gunnarsson [oskar@landmotun.is]
Sent: 7. mars 2012 15:10
To: bílamalunh@simnet.is
Subject: Upplýsingar
Attachments: Skipulagslysing-matslysing-tilkynning.pdf

Sæll Halldór

Oddrún hjá Lansambandi hestamanna benti mér á að tala við þig vegna eftirfarandi máls. Í undirbúningi er gerð deiliskipulags fyrir aksturskennslusvæði og vélhjólaksturssvæðis við Bolöldur sunnan litlu Kaffistofunnar. Um svæðið liggar skilgreind reiðleið, þ.e. reiðleið sunnan Sandskeiðs um Svínahraun sem mun verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Spurningin er því sú hversu mikil þessi reiðleið er notuð og hvort fyrirhugað er að nota frekar Hellisheiðaræðarlinuveginn. Meðfylgjandi er tilkynningarskjali og lýsing á skipulagsverkefninu og gott væri ef þú gætir komið með punkta varðandi þessa reiðleið sem verður fyrir áhrifum. Á myndum í lok skýrslunnar má einnig sjá tillögu um færslu á reiðleiðinni. Gögn þessi munu öll verða send til viðkomandi hestamannafélaga sem svæðið nota til umsagnar.

Með kveðju



Óskar Örn Gunnarsson
Skipulagsfræðingur SFFÍ
LANDMÓTUN sf – hönnun, skipulag, ráðgjöf og kortagerð.
Sími: 575 5306 / 847 4346 / www.landmotun.is

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

STOFNAÐ 1949



þrótt, menning, lífsstíl

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnsteinn R Ómarsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 12.ágúst 2013

Efni:

Athugasemdir við deiliskipulag fyrir aksturkennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolöldur.

Samgöngunefnd Landssambands hestamannaflaga ásamt Reiðveganefnd í Kjalarnefndi hinu forna gera eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillögurnar:

Reiðleiðir í deiliskipulags áætlununum eru ekki ásættanlegar, reiðleiðin upp Jósefsdal í Ólafsskarð bæði liggur samsíða og krossar nokkrum sinnum svokallaðar Endorubrautir vélhjólamanna.


Þessi tilhögur kallar einungis á slysahættur og árekstra milli aðila, hér verður að finna betri tilhögur reiðleiðar um Jósefsdal.

Einnig virðist sem reiðleið austan ökugerðis liggi of nærrí ökugerðum bæði fyrsta og öðrum áfanga þeirra, það hlýtur að vera rými til að hafa meiri fjarlægir á milli reiðvegar og ökugerða á aksturkennslusvæði.

Athugasemdir eru gerðar við að lítið sem ekkert samráð var haft við samtök hestamanna í skipulagsferlinu.

Virðingarfyllst

f.h. Landssambands hestamannaflaga og Reiðveganefndar í Kjalarnefndi hinu forna.


Halldór H. Halldórsson
Form. Samgöngunefndar LH

Meðfylgjandi eru gögn um samráð við samtök hestamanna í skipulagsferlinu.

Sigurður Jónsson

From: Kristín L. Ólafsdóttir [kristin.loa.olafsdottir@reykjavik.is]
Sent: 17. júlí 2013 17:35
To: Sigurður Jónsson
Subject: Fw: Bolaöldur - aksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir.

Tilvísun í mál: 2013070167

Sæll
þetta bréf er einnig á leiðinn í pósti
kv
Kristín Lóa Ólafsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Áskriftir:

Sveitarfélagið Ölfus
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 17. júlí 2013
Tilvísun: 2013070167

Bolaöldur - aksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir.

Vísað er til erindis Umhverfis- og skipulagssviðs - skipulagsfulltrúa um tillögu að deiliskipulagi fyrir aksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur í Ölfusi og greinargerð með deiliskipulaginu, unnin af Landmótun, dags. 3. júní 2013. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vekur athygli á að erindi er varðar þetta mál var sent af Skipulagsstofnun þann 18. apríl sl. heilbrigðisnefndum á höfuðborgarsvæðinu, öðrum en heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og því hefur málið ekki komið til umsagnar áður hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir erindið og meðfylgjandi gögn og gerir eftirfarandi umsögn:
Um er að ræða stækkan og útvíkkun fyrirliggjandi starfsemi aksturstengdra greina við Bolaöldur. HER bendir á að umrædd starfsemi er á óheppilegum stað m.t.t. vatnsverndar en hún liggar að fjarsvæði vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins (fjarsvæði A) og er á mörkum tveggja stórra grunnvatnsstrauma; Elliðavatnsstraums (Elliðaársstraums) og Selvogsstraums. HER hefur í umsögnum vegna hinna ýmsu framkvæmda á og við vatnsverndarsvæðið bent á að meirihluti landsmanna fær neysluvatn frá vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Hér er um að ræða mengandi starfsemi bæði hvað varðar notkun mengandi efna, umferðar ökutækja, hraðaksturs o.fl. og getur starfsemin þrátt fyrir að vera ekki inni á vatnsverndarsvæði haft áhrif á vatnsvernd. Fyrir er efnistökusvæði á staðnum auk jarðvegstipps til viðbótar álags á svæðinu. HER bendir einnig á að svæðið er vinsælt útivistarsvæði.

- 1.2 Deiliskipulagssvæði. Hér þarf að lagfæra orðalag.
- 1.3 Markmið. Markmið deiliskipulagsins er að finna varanlega aðstöðu fyrir starfsemi þessa. HER telur að staðsetningin sé ekki heppileg vegna eðli starfseminnar og útheimti fyrir vikið miklar mengunarvarnir til að koma í veg fyrir mengun grunnvatns. Fram kemur í kaflanum að frágangur á svæðinu eigi að vera til fyrirmynðar og nefnd atrið þar að lútandi. HER telur að hér eigi að bæta inn að lögð verði áhersla á fyrirbyggingu vegna mengunar grunnvatns.
- 2.5 Hljóðvist. Í inngangi að kaflanum er hljóðvist ekki nefnd heldur fjallað um öryggi. Bæta þarf úr því. Hér má nefna að svæðið í kring er mikið notað til útvistar auk þess sem gestir á sjálfu aksturssvæðinu eru útsettir fyrir hávaðamengun og ekkert kemur fram um það hvernig gestir skulu varaðir við né hvernig þeir geta varið sig.
- 3.1 Áhrifapættir. Laga þarf textann í upptalningunni. Hér þarf að skilja að umræðu um vatns- og loftgæði. Auk þess er það mat HER að umræða um loftmengun og loftgæði eigi heima saman í upptalningu.
- 3.4 Valkostir. Hér vantar að nefna umhverfisáhrif hvað varðar hættu á mengun grunnvatns aukast þar sem eruhraun og gljúpur jarðvegur.

3.5 Mótvægisáðgerðir. Hér þarf að nefna eins og fram kemur í kafla 4.8 að ofanvatn af malbikuðum brautum sé einnig leitt í olíugildrur áður en því verður veitt í grunnvatn. Athygli vekur að hvergi er minnst á bílaþvott eða efnanotkun s.s. við gerð hálkubrauta í deiliskipulaginu. Í kaflanum þarf að bæta úr þessu og að fram komi hvaða mótvægisáðgerðum skuli beitt. HER telur æskilegast að ekki verði stundaður bílaþvottur á svæðinu og að einungis skuli notað vatn til gerðar hálkubrauta eða til bílaþvotta ef sú starfsemi á að vera á svæðinu.

4.3 Byggingar. Fram kemur að einnig eigi að koma upp verkstæði til bifvélaviðgerða. Ekki er gerð grein fyrir umfangi þeirrar starfsemi sérstaklega í greinargerðinni.

4.8 Fráveita. Hér kemur fram að þvottaplan eigi að vera á staðnum. Hér er viðtakinn grunnvatn sem er mun viðkvæmari viðtaki en víðast og þarf að vera skýrt að gera skuli ítarlegri kröfur en almennt er gert. Orðalagið "að leitast verði við að stemma stigu við að mengandi efni berist með ofanvatni í grunnvatn" ætti að vera "að koma í veg fyrir að mengandi efni berist með ofanvatni í grunnvatn". Í kaflanum er talað um meðhöndlun efna þ.á.m. spilliefni inni á svæðinu. Þetta ættu mögulega að vera í sér kafla. Töflu ónúmeraðri í kaflanum um viðbragðsaðila þarf að lagfæra og bæta við að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins er meðal fyrstu viðbragðsaðila auk heilbrigðiseftirlita á svæðinu.

Heilbrigðiseftirlitið áskilur sér rétt til að koma með athugasemdir við þetta mál á síðari stigum.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri

Kristín L. Ólafsdóttir
heilbrigðisfullrúi

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Austurvegi 5, 800 Selfoss, b.t. Elsu Ingjaldsdóttur framkvæmdastjóra
Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, b.t. Hólmfríðar Sigurðardóttur umhverfisstjóra

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. september 2013
Tilvísun: UST20130700002/ksj

Aksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur. Tillaga að deiliskipulagi.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfus er barst 1. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi aksturskennslusvæðis og vélhjólaakstursbrauta við Bolaöldur.

Deiliskipulagssvæðið

Deiliskipulagstillögusvæðið afmarkast af Suðurlandsvegi í norðri, mörkum deiliskipulags efnistökusvæðisins við Bolaöldur í vestri og nær yfir tæplega 65 ha svæði. Innan 65 ha afmörkunarinnar er áætlað framkvæmdasvæði ÖkuKennarafélag Íslands, ÖÍ, um 25 ha og er áætlað að uppbygging taki um 10 – 15 ár. Einnig er gert ráð fyrir svæði fyrir varanlegar akstursbrautir fyrir Vélhjólaþróttaklúbbinn VÍK á um 11 ha. Ennfremur eru merktar brautir utan framkvæmdasvæðisins sem notaðar eru til þolaksturs og ná yfir alls 650 ha svæði. Svæðið hefur verið notað um nokkurra ára skeið fyrir torfær, motocross og annan akstur.

Jarðfræði

Í umfjöllun um jarðfræði kemur ekki fram að endurobrautir fara inn á svæði á náttúruminjaskrá sem er nr. 753 *Eldborgir við Lambafell*, en á því svæði eru eldvörpin, hrauntraðirnar frá þeim ásamt hrauninu umhverfis. Í skránni er þeim lýst sem formfögrum eldstöðvum frá sögulegum tíma. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að færa endurobrautir út fyrir svæði á náttúruminjaskrá og ganga frá því raski sem orðið hefur á svæðinu. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að þar sem endurobrautir fara inn á svæði á náttúruminjaskrá nr. 753, Eldborgir við Lambafell, hefði átt að leita umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdina, sjá 38.gr. laga um náttúruvernd nr.44/1999.

Á svæðinu sem deiliskipulagstillagan nær yfir er mikið um mosagróið hraun og bendir stofnunin á að í umhverfismati áætlunarinnar er gert ráð fyrir að alls 9 – 10 ha svæði eldhrauns verði raskað við framkvæmdir á svæðinu. telur Umhverfisstofnun mikilvægt að þeim hluta þess sem ekki hefur verið raskað með utanvegaakstri sé hlift. Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd nýtur eldhraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þess. Því telur stofnunin mikilvægt að þeim hluta eldhrauns sem ekki hefur

verið raskað með utanvegaakstri sé hlíft.

Mótvægisgerðir

Fram kemur í greinargerð að gert er ráð fyrir að ofanvatn frá malbikuðum brautum verði leitt í malarfylltar drenrásir til filteringar áður en það fer í grunnvatnskerfið. Ekki kemur fram hvort áætlað sé að geyma eldsneyti á staðnum, né um frágang á geymslu þess.

Hljóðvist

Í greinargerð er farið yfir hljóðvist. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hávaði frá umferð á deiliskipulagssvæðinu og endurobrautum verði vaktaður og áhrif hávaðans á aðra útvist á svæðinu metinn. Opið svæði til sérstakra nota er útvistarsvæði fyrir ýmsa hópa og því þarf að skoða hvernig endurobrautir samrýmast annarri útvist á svæðinu.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar er verið að taka víðáttumikið svæði á milli Vífells og Eldborga við Lambafell undir ökugerði til aksturskennslu ÖkuKennarafélags Íslands og undir akstursíþróttir og endurobrautir. Mikilvægt er að ósnortnum hraunsvæðum á áætluðu framkvæmdasvæði verði hlíft.

Að mati Umhverfisstofnunar hefur ofangreind starfsemi almennt óafturkræf áhrif á umhverfið og bendir stofnunin á það mikla rask sem orðið hefur af völdum akstursíþróttu og endurobrauta nú þegar á svæðinu.

Að mati Umhverfisstofnunar er lykilaðalatriði að notendur endurobrauta aki einungis á þeim brautum sem þeim eru áætlaðar og stundi ekki akstur utan brauta og vega. Annað er óáættanlegt og verður fólk í akstursíþróttum að sýna aga við gerð brauta og víkja ekki út af þeim.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Sigurður Jónsson

From: Óskar Örn Gunnarsson [oskar@landmotun.is]
Sent: 11. júlí 2013 14:57
To: Sigurður Jónsson
Subject: RE: Aksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur-uppfærð ákvörðun Skipulagsstofnunar

Takk fyrir þetta ☺

From: Sigurður Jónsson [mailto:sigurdur@olfus.is]
Sent: 11. júlí 2013 14:55
To: Óskar Örn Gunnarsson
Subject: FW: Aksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur-uppfærð ákvörðun Skipulagsstofnunar

Sæll, til fróðleiks.

kv

Sigurður Ósmann Jónsson
skipulags- og byggingarfulltrúi
sími 480 3800, fax 480 3801
netfang sigurdur@olfus.is
Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn.
www.olfus.is

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Efni hans og innihald er á ábyrgð þess starfsmanns sem sendir hann ef það tengist ekki starfsemi Sveitarfélagsins Ölfuss. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the addressee only. The contents of the message are the individual senders responsibility if it is not related to the operation of Sveitarfélaginu Ölfusi. If you receive this in error, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your system.

From: Sigmar Arnar Steinþímsson [mailto:sigmar@skipulagsstofnun.is]
Sent: 11. júlí 2013 11:13
To: asgerdur@seltjarnarnes.is; birgir@sudurland.is; holmfridur.sigurdardottir@or.is; Kristinn Magnússon; pall@heilbrigdiseftirlit.is; sigridurk@umhverfisstofnun.is; ust@ust.is; Sigurður Jónsson; Gunnsteinn R. Ómarsson; svanur.g.bjarnason@vegagerdin.is; thn@mos.is
Subject: Aksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur-uppfærð ákvörðun Skipulagsstofnunar

Góðan dag

Í tölvupósti, dags. 25. júní 2013, gerði Hrafnkell Sigtryggsson, f.h. Vélhjólaíþróttaklúbbsins athugsemd við eftirfarandi málsgrein í ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 12. júní 2013: *Svo virðist sem umferð vélhjóla hafi myndað slóða um hraun suðvestan við Eldborg, sem er á náttúruminjaskrá vegna eldvarpanna og hrauntraðanna frá þeim ásamt hrauninu umhverfis. Skipulagsstofnun telur það ámælisvert að ekið sé um hraunið á þessum stað og þannig sé jarðmyndinni sem landslagsheild ógnað og líklegt sé að lengi muni sjást ummerki eftir rask í hrauninu. Með tölvupóstinum fylgdu ljósmyndir af umræddu svæði í nágrenni Eldborga, sem sýna fram á að rask í hrauni á þessum stað verður ekki rakið til starfsemi Vélhjólaíþróttaklúbbsins (sjá afrit af tölvupóstinum í viðhengi).*

Á grundvelli nýrra upplýsinga hefur Skipulagsstofnun fellt út ofangreindan texta ákvörðunarinnar þar sem utanvegaakstur vélhjóla á þessum slóðum er ávíttr. Engu að síður tekur Skipulagsstofnun í ákvörðun sinni enn undir umsögn Umhverfisstofnunar á eftifarandi hátt: *Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar um mikilvægi þess að ekki verði vikið út af viðurkenndum brautum þegar ekið sé í námunda við Edborgir, svæði á náttúruminjaskrá.*

Um er að ræða breytingu sem á engan hátt varðar niðurstöðu ákvörðunar stofnunarinnar um matsskyldu. Því hefur stofnunin ekki breytt dagsetningu ákvörðunarinnar og af þeim sökum er frestur til að kæra niðurstöðu Skipulagsstofnunar óbreyttur. Ný útgáfa af ákvörðuninni hefur verið sett á heimasíðu Skipulagsstofnunar.

Meðfylgjandi er uppfærð ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna aksturskennsluslusvæða og vélhjólaakstursbrauta við Bolaöldur, Sveitarfélaginu Ölfusi, skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Kveðja
Sigmar Arnar Steingrímsson

Sérfræðingur, mat á umhverfisáhrifum - EIA specialist
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Laugavegur 166, 150 Reykjavík, Ísland - Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
sigmar@skipulagsstofnun.is
www.skipulagsstofnun.is

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 16. apríl 2013

Tilvísun: 201109064 / 5.1

Efni: Akstursæfingasvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur - beiðni um umsögn

Landmótun sf., f.h. Vélhjólaíþróttaklúbbsins og Öku kennarafélags Íslands, hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttokin 10. apríl 2013, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Sveitarfélagið Ölfus gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í framangreindum lögum.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 6. maí 2013 og einnig á tölvupóstfang: sigmar@skipulagsstofnun.is og rut@skipulagsstofnun.is.



Sigmar Arnar Steingrímsson

Umsagnaraðilar: Sveitarfélagið Ölfus, Seltjarnarneskaupstaður, Forsætisráðuneytið, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Orkuveita Reykjavíkur, Umhverfisstofnun, Vegagerðin

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 23. febrúar 2012

Tilvísun: 201202010 / 3.4

Efni: Umsögn vegna lýsingar og matslysingar. Deiliskipulag fyrir akstursæfingasvæði og vélhjólaaksturbrautir við Bolaöldur, Sveitarfélaginu Ölfus.

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Ölfus, dags. 27. janúar 2012 þar sem Skipulagsstofnun er send lýsing til umsagnar skv. 3. mr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010 og einnig óskað eftir samáði við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við umhverfismat vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir akstursæfingasvæði við Bolaöldur sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Lýsingin og matslysingin varða tillögu að deiliskipulagi fyrir akstursæfingasvæði Öku kennarafelags Íslands og svæði Vélhjólaþróttaklúbbsins við Bolaöldur og voru þær samþykktar til kynningar í sveitarstjórn 26. janúar 2012.

Lýsingin og matslysingin eru settar fram í hefti dags. 6. febrúar 2012. Því fylgdu fornleifa-könnun dags. 27. september 2011 og athugun vegna hljóðvistar á aksturssvæði við Bola-öldu dags. 19. október 2011. Fornleifakönnunin náði þó aðeins til svæða Öku kennara-felags Íslands og Vélhjólaþróttaklúbbsins sem eru næst Suðurlandsvegi. Einig fygdu tveir ódags. uppdrættir.

Allt svæðið er um 650 ha og tekur afmörkun þess mið af opnu svæði til sérstakra nota eins og það er skilgreint í breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2002-2014 sem staðfest var árið 2008. Þar er gert ráð fyrir æfinga- og keppnisbrautum fyrir vélhjóla-akstursþróttir og vélsléðaþróttir á veturna. Innan deiliskipulagssvæðisins er um 70 ha svæði, þar af 25 ha fyrir ökugerði og 11 ha fyrir akstursbrautir.

Skipulagssvæðið er innan þjóðlendu og liggar samþykki fyrir framkvæmdinni, með fyrirvorum þó, sbr. bréf forsætisráðuneytisins dags. 22. ágúst 2011.

Heftið með lýsingunni og matslysinguni var einnig unnið vegna tilkynningar framkvæmdaraðila skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og liðar 11a í 2. viðauka laganna. Skipulagsstofnun hefur svarað framkvæmdaraðila með bréf dags. 16. febrúar 2012, ásamt minnisblaði dags. 15. febrúar 2012. Ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar liggar ekki fyrir. Meðfylgjandi er ljósrit af bréfi Skipulagsstofnunar og minnisblaði. Sumar athugasemdanna sem koma fram í minnisblaðinu eiga einnig við um lýsingu og matslysingu vegna deiliskipulagstillögunnar.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun hefur farið yfir innsend gögn og bendir á eftirfarandi atriði vegna áframhaldandi vinnu við deiliskipulag ásamt umhverfisskýrslu.

Í 3. kafla er gerð grein fyrir uppbyggingaráformum á svæðum ÖkuKennarafélags Íslands og Vélhjólaíþróttaklúbbsins en umfjöllun um áform utan þeirra þurfa að vera ítarlegri. Í 4. kafla, efni og umfang deiliskipulags, kemur fram að deiliskipulagið nái yfir 70 ha, þ.e. svæði ÖkuKennarafélags Íslands og Vélhjólaíþróttaklúbbsins og næsta nágrenni. Utan svæðisins verða merktar brautir fyrir þolakstur. Þær eru ekki innan deiliskipulagssvæðisins en ætlunin er að þær verði skilgreindar á sérstökum skýringaruppdrætti sem nær yfir allt svæðið, 650 ha. Skipulagsstofnun gerir athugasemd við þetta fyrirkomulag. Skýringaruppdrættir eru skv. grein 5.4.3. í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 ekki bindandi heldur skýringargögn fyrir nánari útfærslu á deiliskipulagi. Skipulagsstofnun bendir á að deiliskipulag er grundvöllur fyrir framkvæmdir og því er nauðsynlegt að vinna deiliskipulag fyrir allt svæðið.

Deiliskipulagssvæðið skarast við efnistökusvæði, E1, í Bolaöldu og efnistökusvæðið E2, austan við svæði Vélhjólaíþróttaklúbbsins, er einnig innan deiliskipulagssvæðisins. Vinna við deiliskipulag efnistökusvæðis í Bolaöldu stóð yfir árið 2006 en svo virðist sem ekki hafi tekist að ljúka henni. Efnistökusvæðið í Bolaöldu var stækkað úr 36 ha í 65 með breytingu á aðalskipulagi árið 2008. Skipulagsstofnun telur að deiliskipulag efnistökusvæðanna ætti að vera hluti af þeirri vinnu sem hér er til umfjöllunar.

Aðrar ábendingar

- Í matslysingu er jafnan vísað í lagagreinar sem viðmið sem lögð eru til grundvallar. Skipulagsstofnun telur að vísa þurfi í sjálfan textann svo þeim sem þurfa að kynna sér skýrsluna sé ljóst hvert viðmiðið er, án þess að fletta upp í lögnum.
- Í kafla 3.2 er lýst aðstöðu á svæði Vélhjólaíþróttaklúbbsins en ekki er ljóst af gögnum hvort hún byggi á deiliskipulagi. Sé svo þarf að geta þess í 6. kafla, tengsl við aðrar áætlanir.
- Gæta þarf þess að skilmálar í deiliskipulagi nái yfir allar fyrirhugaðar framkvæmdir, frágang og efnisval og aðgerðir sem eru tilteknar í umhverfismati og eiga að draga úr umhverfisáhrifum.
- Í 7. kafla á bls. 13 er fjallað um valkost. Umfjöllunin er einkum um staðsetningu þessarar starfsemi innan sveitarfélagsins. Þessi umfjöllun á heima á aðalskipulagsstigi og staðarvalið liggur fyrir eftir breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2002-2014 árið 2008. Umfjöllun um valkost í deiliskipulagi ætti að varða ákvarðarnir innan deiliskipulagssvæðisins, s.s. um legu brauta, umfang og þörf fyrir jarðvegsmanir og taka mið af umhverfisþáttum sem taldir eru upp í 11. kafla.
- 11. kafli, helstu umhverfisáhrif framkvæmdar, á frekar heima í umhverfisskýrslu en lýsingu eða matslysingu. Í kaflanum eru settar fram niðurstöður um áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið en þær ættu ekki að ligga fyrir fyrr en eftir samráð um umfang og áherslur, eftir að sveitarfélagið hefur tekið afstöðu til umsagna þeirra aðila sem leitað verður til skv. 15. kafla og vinnu við sjálft umhverfismatið. Sama á við um 12. kafla sem er samatekt á niðustöðum.
- Í kafla 11.6 á bls. 18 er m.a. fjallað um reiðleiðir. Vísað er í mat rekstraraðila á umferð hestamanna um svæðið. Hér þarf að koma fram afstaða sveitarfélagsins til reiðleiða á svæðinu en skv. breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2002-2014 árið 2008 liggur „megin reiðleið“ um Jósepsdal. Ef ætlunin er að fella reiðleiðina niður kallar það

á breytingu á aðalskipulaginu. Leggja þarf mat á það hvernig umferð hestamanna og akstur bíla og vélhjóla fara saman á svæðinu.

- Í kafla 11.7 er fjallað um áhrif á vatnafar. Umsögn um þennan þátt þarf að liggja fyrir áður en sveitarfélagið samþykkir deiliskipulagstillöguna til auglýsingar og þar þurfa að koma fram áform um vöktun.
- Hafa þarf samráð við nágrannasveitarfélög vegna aðkomu, og e.t.v. reiðleiða, á sveitarfélagamörkum.
- Uppdrætti þarf að laga svo þeir standist kröfur um deiliskipulagsupprætti. Á þá vantart t.d. dagsetningar, skýringar, hluta sveitarfélagsupprættar Aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfus 2002-2014 og kvarða. Táknið „N-753 Eldborgir við Lambafell“ kemur tvívar fyrir á stærri uppdrættinum.

Ákvörðun um matsskyldu liggur ekki fyrir, sbr. bréf Skipulagsstofnunar frá 15. febrúar 2012. Verði það niðurstaðan að vinna þurfi mat umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar bendir stofnunin á að í slíku mati kunna að koma fram þættir sem gera þarf grein fyrir í deiliskipulagi. Því er æskilegt að vinnu við deiliskipulag verði ekki endanlega lokið fyrr en ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu eða álit vegna mats á umhverfisáhrifum liggur fyrir.

Stofnunin gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við framlagða lýsingu eða umfang og áherslur í umhverfismati áætlunarinnar. Minnt er á að kynna þarf tillöguna skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagsлага áður en sveitarstjórn samþykkir hana til auglýsingar.

Skipulagsstofnun hefur ekki farið yfir deiliskipulagstillöguna m.t.t. efni hennar og framsætningu. Skipulagsstofnun minnir á að í auglýsingum þarf að koma fram að umhverfis-skýrsla fylgi deiliskipulagstillögunni og á hvaða netsíðu hægt sé að nálgast skipulags-gögnin. Jafnframt minnir stofnunin á að senda skal Umhverfisstofnun og Skipulags-stofnun, ásamt öðrum aðilum eftir því sem við á, deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu og gefa þeim tækifæri á að gera athugasemdir við umhverfismatið sbr. 3. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana áður en deiliskipulagið er tekið til lokaumræðu í sveitarstjórn.

Olafur Brynjars Halldórsson
Olafur Brynjars Halldórsson

Afnotasamningur milli Ökukennarafélags Íslands og Sveitarfélagsins Ölfuss

Undirritaðir aðilar, Ökukennarafélag Íslands, kt. 620395-2429. Þorabakka 3, 109 Reykjavík, hér eftir nefnt ÖÍ og Sveitarfélagið Ölfus, kt. 420369-7009, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn hér eftir nefnt SÖ, gera með sér svohljóðandi afnotasamning um landssvæði til iökunar akstursæfingarsvæðis.

1. gr.

Landssvæði sem samningur þessi nær til:

Bolöldusvæði

Með breytingu á gerð Aðalskipulags Ölfuss 2002-2014, sem staðfest var af umhverfisráðherra 3. júlí 2008, er svæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota þar sem gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir æfinga- og keppnisbrautir.

Framkvæmdasvæðið er í heild sinni um 36 ha og afmarkast af Suðurlandsvegi í norðri, Vífilfelli í vestri, Sauðadölum og Jósefsdal í suðri og Blákoll, Þórishamri og Draugahlíðum í austri. Annarsvegar er um að ræða aksturskennslusvæði á um 25 ha svæði og varanlegar vélhjólaakstursbrautir á um 11 ha svæði. Einnig er afmarkaðar Enuróbrautir sem ná yfir stærra svæði og þ.e. inn í Jósefsdal, Sauðadal og kringum Blákoll. Framkvæmdin er tvíþætt. Annarsvegar æfingarsvæði fyrir ÖÍ og hins vegar varanlegar akstursbrautir fyrir vélhjól fyrir Vélhjólaþróttaklúbbinn VÍK og Landssamband íslenskra Vélsleðamanna, LÍV-R.

Svæðið er á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins (fjarsvæði A) og fjarsvæði vatnsverndar Sveitarfélagsins Ölfuss. Hætta er á því að grunnvatn mengist ef umgengni við spilli-, úrgangs- eða hættuleg efni verði ábótavant og þau berist út í gljúpt hraunið og í grunnvatnsstrauma. Starfsemi á aksturssvæðinu er starfsleyfisskyld í samræmi við reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, nr. 785/1999. Ekki skal að jafnaði geyma eldsneyti, hættuleg efni eða spilliefni á svæðinu, nema í mjög litlu mæli og sett verða ákvæði um umgengisreglur og frágangskröfur vegna geymslu slíkra efna í starfsleyfi. Ger er krafa til verkata að á meðan á framkvæmdum stendur, verði viðhafðar mengunarvarnir í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Ákvæði um slíkt verður sett í framkvæmdaleyfi sem Sveitarfélagið Ölfus gefur út.

Hljóðvist. Í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða er ekki fyrir hendi sérstakt viðmiðunargildi fyrir hávaða á útvistarsvæðum utan þéttbýlis en viðmiðunargildi fyrir útvistarsvæði í þéttbýli er um 50dB. Að mati Umhverfisstofnumar á að tryggja að hljóðstig á útvistarsvæðum fari ekki yfir 50dB. Hljóðvist á svæðinu einkennist mjög af umferðarnið frá Suðurlandsvegi. Í umhverfismati vegna breikkunar Suðurlandsvegar þá sýna mælingar á hljóðstig þar sem gert er ráð fyrir varanlegum brautum er á bilinu 55-65dB.

2. gr.

Uppbygging á svæðinu.

Áætlað er að byggja upp svæðið með varanlegum brautum fyrir vélhjól á um 11 ha svæði og akstursbrautir ÖÍ á um 26 ha svæði. Á svæðinu er einnig gert ráð fyrir 5-8000m² vélhjólahöll, geymslu fyrir vélhjól, sameiginlegri aðstöðubyggingu sem ÖÍ notar einnig, þvottaplaní og bílastæðum.


3. gr.

Afmörkun svæðisins fyrir ÖÍ.

Afmarkað er 25 ha framtíðarsvæði fyrir Ökukennarafélag Íslands, ÖÍ en á því svæði er fyrirhugað að koma fyrir kennslubrautum fyrir bifreiðar og vélhjól sem feli í sér gerð nokkurra mislangra brauta og í mismunandi útfærslum sem verði til þess fallnar að bjóða upp á æfingarakstur við fjölbreytt akstursskilyrði. Reiðleið sem lá eftir gamla þjóðveginum sem fer undir akstursbrautina, færst norður og verður á milli akstursbrautarinnar og þjóðvegarins. Á svæði ÖÍ skal byggja mön þar í milli til að

Afnotasamningur milli Ökukennarafélags Íslands og Sveitarfélagsins Ölfuss

reiðleiðin verði ekki fyrir truflun frá ökutækjum á brautinni. Reiðleiðin sem lá inn í Jósefsdal, verður lögð niður.



Litla kaf

Áætluð staðsetning aksturssvæðisins við Bolöldu. Nánari útfærsla á svæðinu er að finna í skýrslu Landmótunar um svæðið.

4.gr.

Afhending svæðisins

Afnotaréttur samningsaðila ÖÍ skal miðast við undirritun samnings þessa - afnot svæðisins skal þó ekki hefjast fyrir en skipulagningu svæðisins og merkingu brauta hefur verið lokið. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og heimildar löggreglustjóra samkv. reglugerð nr. 257/2000 áður en framkvæmdir hefjast á svæðinu. Skipulag og merking svæðisins við Bolöldur skal unnin í samráði við Verktakafyrirtækið Bolöldur ehf, þar sem fyrirtækið hefur samning um efnistöku á svæðinu.

5.gr.

Afnotatími og uppsagnarákvæði

Afnotatími svæðisins er umsamin 20 ár frá undirskrift samnings þessa. Séu ákvæði samningsins brotin geta samningsaðilar þó sagt upp samningnum skriflega með 3 mánaða fyrirvara. Forsenda uppsagnar skal þó vera sú að áður hafi samningsaðilum verið kynnt forsendur samningsbrotsins skriflega og þeim gefinn kostur á úrbótum áður en til riftunar samningsins kemur.

6.gr.

Umgengni um aksturssvæðið

Skýrar umgengnisreglur fyrir svæðið verða settar upp og birtar öllum félagsmönnum samningsaðila áður en umferð hefst á svæðinu. Skýrt afmarkaðar brautir verða lagðar í samráði við fulltrúa SÖ á svæðinu í samræmi við teikningar Landmótunar.

Stefnt er að því að afmarka og jafna bílastæði hið fyrsta og yrðu bílastöður einungis leyfðar á skilgreindum stæðum. Til að draga úr jarðraski og til að gera svæðið meira aðlaðandi munu samningsaðilar ÖÍ og þeir sem koma að notkun svæðisins, leggja metnað sinn í að bera áburð og fræ í gróðurlaus svæði umhverfis brautirnar. Einnig verður leitast við að verja viðkvæm svæði, gróður, og aðra staði innan hvers svæðis eftir því sem þurfa þykir.

Afnotasamningur milli Öku kennarafélags Íslands og Sveitarfélagsins Ölfuss

Áður en skipulögð notkun hefst á svæðinu verður farið í brautarlagningu á svæðinu í samræmi við teikningar Landmótunar. Endanleg staðsetning brauta verður kortlögð með aðstoð Landmótunar um leið og lagningu þeirra lýkur.

Sett verða upp skilti á aksturssvæðinu með akstursreglum sem allir ökumenn verði að hlýða en sæta ella brottrekstri og mögulega löggregluákæru fyrir utanvegaakstur.

Skipaðar verða sérstakar nefndir sem bera ábyrgð á skipulagi og umgengni á hverju svæði. Upplýsingum um ábyrgðaraðila á hverjum tíma verður komið á framfaeri við SÖ.

7.gr.

Afnotagjald

Samningsaðilar, ÖÍ, hafa afnot af svæðunum án endurgjalds á samningstímanum.

8.gr.

Uppbygging á svæðinu

Samningsaðilum, ÖÍ og þeim sem koma að uppbyggingu svæðisins, skulu haga uppbyggingu við samþykkt deiliskipulag sem auglýst verður fyrir svæðið. Öll uppbygging verður á kostnað og ábyrgð samningsaðila, ÖÍ og þeirra sem koma að uppbyggingu svæðisins. Skipting kostnaðar samningsaðila, ÖÍ og þeirra sem koma að uppbyggingu svæðisins, verður ákveðin í samræmi við vænt afnot af svæðinu og þeim framkvæmdum sem ráðist verður í. Allar framkvæmdir og uppbygging aðstöðu verður borin undir SÖ og ekki hafist handa nema í fullu samráði við SÖ.

9.gr.

Kostnaður vegna uppbyggingsar aksturssvæðisins

SÖ ber ekki kostnað af uppbyggingu svæðanna skv. samningi þessum s.s. af lagningu vega, vatns- eða rafmagnsæða eða annarra framkvæmda innan svæðanna.

10.gr.

Úrlausn ágreiningsmála og önnur atriði

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skulu aðilar hafa í heiðri meginregluna um greið og góð samskipti og leitast við að leysa úr ágreiningi sem kann upp að koma með sáttatilraunum utan réttar. Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Þorlákshöfn, 18. maí 2010

F.h. Öku kennara félags Íslands

Með fyrirvara um samþykki
bærarstjórnar Ölfuss

F.h. Sveitarfélagsins Ölfus

Guðbrandur Bogason

Guðni Helgi Pétursson

Vottar:

Ökukennarafélag Íslands
Bt Guðbrandur Bogason
þarabakka 3
109 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2012


Tilvísun: 2010050005 /

Efni: Matsskylda - Akstursæfingasvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur,
Sveitarfélagið Ölfusi - athugasemdir við drög að tilkynningu

Ökukennarafélag Íslands og Vélhjólaþróttaklúbburinn hafa sent Skipulagsstofnun erindi, dags. 6. febrúar 2012, þar sem tilkynnt er til afgreiðslu Matsskylda - Akstursæfingasvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur, Sveitarfélagið Ölfus, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11 a í 2. viðauka við löginn. Með erindinu fylgdi greinargerð.

Farið hefur verið yfir erindið og telur Skipulagsstofnun þörf á frekari upplýsingum, sbr. meðfylgjandi minnisblað, áður en erindið verður sent til umsagnaraðila og ákvörðun tekin um matsskyldu sbr. ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 1123/2005.

Bent er á að Skipulagsstofnun verði sent eintak af greinargerðinni með tölvupóst til yfirferðar, þar sem breytingar frá drögum eru auðkenndar með lit/skyggt og verður þá gefinn upp fjöldi eintaka sem stofnuninni burfa að berast. Á þessu stigi er líklegt að umsagnaraðilar verðir eftirtaldir: Sveitarfélagið Ölfus, Fornleifavernd ríkisins, Forsætisráðuneytið, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.



Þóroddur F. Þórodósson

MINNISBLAÐ

Efni: Akstursæfingasvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur, Sveitarfélagið Ölfusi
Höfundur: Þóroddur F. Þóroddsson

15. febrúar 2012
Tilvisun: 2010050005 /

Athugasemdir við yfirlestur á drögum að tilkynningu.

1. Vantar heimilisföng, netföng og símanúmer tengiliða vegna framkvæmdarinnar.
2. Á bls. 7 er vísað til upplýsinga í viðauka 1 sem ekki er að finna þar. Á lausum loftmyndum frá Landmótun er ekki heldur að finna þær upplýsingar sem tilgreint er að séu í viðaukanum, sbr. einnig tilvísun í kafla 5.4.
3. Gróður. Mynd 5-4 þarf að stækka og þarf hún fyrst og fremst að ná yfir framkvæmdasvæðið, skýringar þurfa að vera á sömu síðu og myndin. Æskilegt er að færa mörk framkvæmdasvæðis inn á myndina og gera þarf grein fyrir flatarmáli þeirra gróðurhverfa sem raskast.
4. Yfirlitsmyndir á landslagsgrunni þurfa að ná yfir allt akstursíþróttasvæðið og þar með talið allt svæðið sem endurobrautir ná yfir. Fyrsta setning í kafla 5.1 á að koma fram í kafla 3. Æskilegt er að nota sem nýjasta grunnmynd. Ath. að á yfirlistmyndum sé allur texti á réttum stað og öll tákna/afmarkanir sem notuð eru séu skilgreind. Æskilegt er að myndir séu ekki stærri en A3 og brotnar inn í skýrsluna en að öðrum kosti í vasa innan á kápu. Á öllum myndum þurfa að vera nægilegar upplýsingar til þess að þær geti staðið sjálfstætt. Framkvæmdasvæðið/deiliskipulagssvæðið þarf að afmarka skýrt.
5. Í kafla 6, um skipulag, þar sem fjallað er um samræmi framkvæmdarinnar við aðalskipulag þarf að birta viðeigandi hluta aðalskipulagsuppdráttar með skýringum sem gilda um hann.
6. Kafli 11.1. Rökstyðja þarf hvers vegna jarðvegsmanir þarf meðfram Suðurlandsvegi og gera grein fyrir sjónrænum áhrifum af jarðvegsmönnum sem kunna að verða mun neikvæðari en af mannvirkjum sem þeim er ætlað að skýla eða skyggja á. Einnig er bent á að hugað verði af áhrifum þeirra á snjósöfnun í skafrenningi.
7. Kafli 11.3. Hér á að vísa til reglugerðar nr. 724/2008 er nam úr gildi reglugerð nr. 933/1999.
8. Kafli 11.4. Heppilegra er að fjalla um jarðfræði og gróður í sitt hvorum kaflanum. Í kafla um gróður ætti að gera grein fyrir stærð gróðurlenda sem tapast og hugsanlegum mótvægisáðgerðum með því að stuðla að uppgræðslu raskaðra svæða með sambærilegum gróðri og fyrir er en til þess eru leiðir.
9. Kafli 11.5 Aflað verði álits Fornleifarverndar ríkisins á því hvort Ólafsskarðsleið teljist til fornminja og ef svo er þarf að gera grein fyrir hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á hana og mótvægisáðgerðum ef um þær er að ræða.
10. Kafli 11.6 Í kaflanum þarf að gera grein fyrir hver er niðurstaða af samráði við hestamannafélög og Vegagerðina varðandi reiðleiðir, eins og bent var á í bréfi 12. maí 2010. Gera þarf grein fyrir akvegi að uppgöngunni á Vífilsfell og bílastæði. Ennfremur hvort vegurinn inn í Jósefsdal verður áfram opinn

fyrir almenna umferð (hvað segir í aðalskipulagi) og þá þarf að sýna legu hans í gegnum aksturssvæðin. Í kaflanum er engin umfjöllun um það að vinsæl skíðagönguleið liggur frá Litlu kaffistofunni og inn í Jósefsdal. Ef skíðaganga er aflögð á þessu svæði þarf það að koma fram og hverjar eru líklegar orsakir, aðrar en snjóleysi.

11. Kafli 11.7 Hér segir að á svæði ÖÍ sé nokkuð þykkur jarðvegur með graslendi ofan á hrauni og því ekki talin hætta á að mengun berist í grunnvatn. Í ljósi áformaðra framkvæmda virðist gert ráð fyrir að fjarlægja þennan jarðveg á stórum svæðum og því verður ekki vörn af honum. Nánari umfjöllun vantar því um þetta. Gildandi starfsleyfi ætti að vera viðauki með greinargerðinni. Upplýsingar vantar um hvernig/hvar/magn neysluvatns er/verður aflað. Upplýsingar vantar um hvernig fráveitumál verða, rofþrær/staðsetning/stærð-asköst og svæði fyrir siturlagnir. Þá vantar kafla um vöktun hugsanlegra áhrifa á grunnvatn og er bent á að fá uppl. frá Orkuveitu Reykjavíkur um staðsetningu borhola sem notaðar eru við grunnvatnseftirlit og eftir atvikum aðgang að þeim til vöktunar eða aðgang að niðurstöðum vöktunar OR sem væri þá tekið á í starfsleyfi og þarf að ræða þetta einnig við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gæti einnig upplýst um þennan þátt þar sem rennslisleiðir grunnvatns eru í áttina að verndarsvæði vatnsbóla Höfuðborgarsvæðisins.

12. Kafli 12. Það mætti vera skýrara tákni í töflunni f. sjónræn áhrif.

13. Kafli 13, hér er umfjöllun um gróður sem vantar inn í gróðurkafla framar í greinargerðinni.

14. Kafli 14, bent er á að einhverjar uppl. komi fram um a.m.k. afstöðu forsætisráðuneytisins til framkvæmdaáforma eða uppkast að samningi/leyfi. Efni kafla 14.1 ætti að koma í kafla 3.

15. Kafli 15.2 Skipulagsstofnun ákveður hverjum hún sendir greinargerð tilkynningarinnar til umsagnar. Jákvætt er að við undirbúning greinargerðarinnar hafi framkvæmdaraðili samráð við hina ýmsu aðila en þá er mikilvægt að í greinargerðinni komi fram um hvað það samráð snérist og hver var niðurstaða þess.

Annað

Fjalla þarf um tengingu svæðisins við Suðurlandsveg og niðurstöðu samráðs við Vegagerðina um hvernig henni verður háttar, þ.e. hvort mislæg gatnamót verða gerð eða annars konar tenging.

Upplýsingar vantar um hvaðan og hvernig rafmagn verður lagt að svæðinu og eftir því sem við á áhrif þeirrar framkvæmdar á umhverfið.

ÞFB

Sigurður Jónsson

Frá: Gunnsteinn R. Ómarsson

Sent: 28.6.2013 10:19:00

Til: Sigurður Jónsson

CC:

BCC:

Efni: 1201026 - Skipulagslýsing, matslýsing, tilkynning fyrir Akstursbrautir við Bolaöldur

Viðhengi:

Málsnúmer: 1201026

Sæll,

Eftirfarandi var bókað á bæjarstjórnarfundi í gær:

„Álit Skipulagssofnunar, skv. bréfi dags. 12. júní 2013, um skipulagslýsingu, matslýsingu og tilkynningu fyrir akstursbrautir við Bolaöldur er á þá leið að uppbygging aksturskennslusvæðis og vélhjólaakstursbrauta við Bolaöldur sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Bæjarstjórn gerir ekki athugasemd við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar. Við útgáfu framkvæmdaleyfis skal farið eftir ábendingum Skipulagsstofnunar.

Samþykkt samhljóða.“

Bkv.

Gunnsteinn R. Ómarsson
Bæjarstjóri
Sveitarfélagið Ölfus
s. 480-3800
gunnsteinn@ol fus.is

AKSTURSKENNSLUSVÆÐI OG VÉLHJÓLA AKSTURSBRAUTIR VIÐ BOLAÖLDUR, SVEITARFÉLAGINU ÖLFUSI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að að uppbygging aksturskennslusvæðis og vélhjólaakstursbrauta við Bolaöldur sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfum Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð nr. 722/2012 um framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi Mannvirkjastofnunar skv. 62. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi eru veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 og gilt deiliskipulag. Aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Fyrir liggur niðurstaða um umhverfisáhrif uppbyggingar aksturskennslusvæðis og vélhjólaakstursbrauta við Bolaöldur. Skipulagsstofnun bendir Sveitarféluginu Ölfusi og Vélhjólaþróttaklúbbnum og Ökukennarrafélagi Íslands á að fjalla þarf um þessi áhrif í umhverfismati aðalskipulagstillögunnar fyrir svæðið. Með kynningu á aðalskipulagi og deiliskipulagi mun almenningi gefast tækifæri til að kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir.

Áður en framkvæmt er inni á svæðum á náttúruminjaskrá þarf áætlun um framkvæmdir að koma til umsagnar hjá Umhverfisstofnun skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Einnig er bent á að sækja þarf um heimild til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands ef nota á önnur efni en vatn til að skapa hálku í ökugerði Ökukennarrafélags Íslands.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vélhjólaþróttaklúbburinn og Ökukennarrafélag Íslands og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktihögum og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 15. júlí 2013.

INNGANGUR

Þann 10. apríl 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landmótun sf., f.h. Vélhjólaíþróttaklúbbsins (VÍK) og Öku kennarafélags Íslands (ÖÍ), um fyrirhugað aksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur, Sveitarféluginu Ölfusi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Ölfuss, Seltjarnarneskaupstaðar, Forsætisráðuneytisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur, Umhverfisstofnun og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Sveitarféluginu Ölfusi með bréfi dags. 30. apríl 2013, Seltjarnarneskaupstað með bréfi dags. 21. maí 2013, Forsætisráðuneytinu með bréfi dags. 23. maí 2013, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfum dags. 7. og 17. maí 2013, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis með bréfi dags. 14. maí 2013, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 7. maí 2013, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 2. maí 2013, Orkuveitu Reykjavíkur með bréfum dags. 10. maí 2013, Umhverfisstofnun með bréfum dags. 17. maí og 4. júní 2013 og Vegagerðinni með tölvupósti dags. 6. maí 2013. Frekari upplýsingar bárust frá Landmótun sf. með bréfum dags. 10. maí (þrjú bréf) og 24. maí 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að við Bölaöldu, sunnan Suðurlandsvegar á móts við Litlu Kaffistofuna, eigi að gera ökugerði fyrir ÖÍ. Sunnan við fyrirhugað ökugerði verði varanlegar vélhjólaakstursbrautir VÍK sem starfræktar hafi verið síðan árið 2006.

Ökugerði. Á 25 ha svæði verði gerðar nokkrar mislangar akstursbrautir með mismunandi útfærslum sem bjóði upp á fjölbreytt akstursskilyrði til æfingaaksturs og öku kennslu, m.a. aksturs í hálkum og snjó. Þjónustuhús verði reist við brautirnar og þar verði hyst kennslustofa, kennslutól (t.d. veltibíll), veitingaaðstaða og aðstaða fyrir starfsfólk og öku kennara. Gert sé ráð fyrir að á hverju ári verði nemendur til almennra ökuréttinda allt að 3.000 á og 500 nemendur til aukinna ökuréttinda eða meira prófs. Gert sé ráð fyrir að hvern dag verði á svæðinu fimm til sex fólksbílar, tvö stærri ökutæki til aukinna réttinda og eitt þjónustutæki.

Fram kemur að ökugerðið verði byggt í tveimur áföngum. Í fyrri áfanga verði gerðar tvær 6 m breiðar brautir, u.p.b. 500 m og 360 m langar, auk tveggja bogabrauta. Lengri brautin verði lögð bundnu slitlagi en sú styttri verði malarbraut. Í fyrri áfanga verði einnig byggt 200-300 m² geymslu- og þjónustuhúsnaði. Þar verði kennslu- og þjónustuhúsnaði fyrir nemendur og starfsfólk og geymsla fyrir tæki til kennslu og viðhalds á brautunum. Húsnæðið verði samnýtt með VÍK til geymslu á vélhjólum. Utan við kennslu- og þjónustuhúsnaðið verði bílastæði og þvottaplan, sem mögulega verði samnýtt með VÍK. Fram kemur að ekki hafi verið tímasett hvenær ráðist verði í seinni áfanga ökugerðisins, sem felist í að gera fleiri brautir sem veiti möguleika á að skapa fjölbreyttari aðstæður til þjálfunar og kennslu en í fyrsta áfanga. Uppbygging ökugerðis muni þó taka nokkur ár.

Æfinga- og keppnisáðstaða vélhjólamanna. Fram kemur að á vegum VÍK hafi verið gert vegslóðanet með brautum fyrir byrjendur og keppnisfólk. Reist hafi verið til bráðabirgða lítið þjónustuhús með salernisaðstöðu og þvottaplan fyrir vélhjól. Frá þessari aðstöðu liggi tugi kílómetra langt net vegslóða, sem nái allt upp í Jósepsdal. Næst þjónustuaðstöðunni séu svokallaðar motocrossbrautir, en endurobrautir liggi um athafnasvæði klúbbsins og upp í Jósepsdal. Motocrossbrautirnar opni vanalega í kringum 1. apríl en endurobrautirnar í kringum 1. til 15. maí, eða eftir því hvenær landið er nægilega þurrt. Ekki sé sérstakur

opnunartími í endurobrautirnar, en motocrossbrautirnar séu opnar þrjá daga vikunnar og um helgar, sjö klukkustundir í senn. Fram kemur að fjöldi iökenda séu að staðaldri 400-500 manns hvern dag og þá séu keppt í brautunum 4-5 daga á hverju ári og áhorfendur hvern keppnisdag séu 50-500 talsins.

Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd á vegum VÍK sé uppbygging varanlegra vélhjólabrauta á um 11 ha svæði og bygging á 5.000-8.000 m² vélhjólahallar. Lagðar verði motocrossbrautir fyrir mismunandi stærðir á hjólum (vélstærð), brautir fyrir freestyle og enduroþrautir og einnig brautir til æfinga og fyrir byrjendur. Í vélhjólahöllinni verði geymsla fyrir vélhjól, þvottaplan og bílastæði, sem mögulega verði samnýtt með ÖkuKennrafélag Íslands. Búið sé að leggja rafmagnsstreng að svæði VÍK og því ekki þörf á að leggja nýjan streng.

Fram kemur að vinna við brautir, hljóðmanir og frágang svæða ÖÍ og VÍK muni taka um eitt ár, en byggingar félaganna kunni að rísa á lengri tíma. Stefnt sé að því að framkvæmd ljúki á 15 árum, en lengd framkvæmdatímans sé þó háður því fjármagni sem samtökin hafi úr að spila hverju sinni. Tilgangur framkvæmdarinnar sé að skapa varanlega aðstöðu fyrir ÖÍ og VÍK. Einnig að afmarka og skilgreina svæði fyrir torfáru (motocross) til markvissrar stýringar á umferð um svæðið.

Áhrif á grunnvatn. Fram kemur að aksturskennsluslusvæði og vélhjólaakstursbrautir séu nærrí vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins (fjarsvæði A) og fjarsvæði vatnsverndar Sveitarfélaginu Ölfusi. Allt ofanvatn frá malbikuðum brautum verði leitt í malarfylltar drenrásir og það síða áður en því verði skilað aftur í grunnvatnskerfi svæðisins. Fráveita frá mannvirkjum verði veitt í rotþrær í samræmi við reglugerðum þar um. Áformað sé að geyma u.p.b. 1.000 lítra af eldsneyti og svæðinu, en hættuleg efni eða spilliefni verði í litlu magni og í starfsleyfi verði í því sambandi settar umgengisreglur og kröfur um frágang. Meðan á framkvæmdum standi verði verktaki láttinn fylgia mengunarvörnum í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og samkvæmt ákvæði þar um í væntanlegu framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss. Á svæði ÖkuKennrafélag Íslands sé graslendi og undir því nokkuð þykkur jarðvegur og því ekki talin hætta á að mengun berist í grunnvatn. Fram kemur að við þvott á ökutækjum muni olía og bensín ekki smitast ut í umhverfið og ekki verði notuð leysiefni svo sem olíuhreinsir. Í tengslum við núverandi starfsemi sé þvottaaðstaðan opin fimm daga í viku yfir sumartímann, hver þrif standi í 3-5 mínútur og að hámarki 5-10 hjól séu þvegin hvern dag. Fyrirhuguð framkvæmd muni auka umsvifin og ætla megi að ásókn í þvott muni því aukast. Fram kemur að ástand grunnvatns verði vaktað og reglulega verði tekin sýni úr tveimur borholum Orkuveitu Reykjavíkur, við Sandskeið og við Litlu Kaffistofuna og einnig úr borholu á vegum VÍK. Vöktunin verði gerð í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Áhrif á landslag og sjónræn áhrif. Fram kemur að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé slétt og gróiðhraun en einnig sé inn á milli berangur, grónir melar og mosabreiður. Vegna nýrra mótorkrossbrauta þurfí að móta land og færa til efni á svæðinu, sem notað verði í manir milli vélhjólaakstursbrauta og aksturskennsluslusvæðis, til að draga úr hávaða og sjónrænum áhrifum vegna mótorhjólabrautarinnar, en þær verði einnig notaðar sem áhorfendasvæði. Vegna mananna og framkvæmdarinnar við aksturskennsluslusvæðið muni hraun raskast, en áhrif á landslag verði óveruleg þar sem ekki verði raskað landslagi sem njóti verndar og stór hluti svæðisins sé búið að raska núþegar. Helstu sjónrænu áhrifin verði vegna nýrra bygginga og akstursbrauta sem lagðar verði í landið.

Áhrif á loftgæði. Fram kemur að áhrif á loftgæði verði vegna útblásturs frá vinnuvélum á framkvæmdatíma, almennri umferð um svæðið og ökutækjum á akstursíþróttasvæðum að framkvæmd lokinni og vegna rykmengunar frá brautum með óbundið slitlag. Gert sé ráð fyrir

að jarðvegsfok verði lítið frá malbikuðum brautum ökugerðisins. Allar brautir á vegum VÍK verði malarbrautir en uppgræddar manir við motocrossbrautir muni stöðva ryk sem fjúki frá brautunum og í þurrkum verði brautirnar bleyttar til að hindra rykmyndun á svæðinu. Motocrossbrautir muni því hafa óveruleg áhrif á loftgæði. Ólíklegt sé að rykmengun verði frá endurobrautum því þær séu mjóar og óreglulegar í lögun og hæðarlega þeirra mismunandi.

Áhrif á hljóðvist. Fram kemur að í reglugerð um hávaða séu ekki sett viðmiðunargildi fyrir hávaða á útvistarsvæðum utan þéttbýlis, en í þéttbýli megi hljóðstig á útvistarsvæðum ekki fari yfir 50 dB. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, nærri Suðurlandsvegi, sé mikill niður frá umferð um veginn og samkvæmt matsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum breikkunar Suðurlandsvegar sé umferðarhávaði 55-65 dB þar sem fyrirhugað sé að reisa ökugerði. Fram kemur að samkvæmt mælingum, sem gerðar hafi verið á vegum framkvæmdaraðila, verði hávaði frá motocrosssvæðinu yfir viðmiðunarmörkum á um 260-270 m kafla gönguleiðarinnar upp á Vífilsfell, eða 47-52 dB. Miðað sé við að umferð um endurobrautum verði tvö hjól á hverri klukkustund og því muni hávaði frá þeim akstri dreifast og 230 m utan við stíginn verði hávaðinn 45 dB.

Áhrif á jarðmyndanir og gróður. Fram kemur að áhrif á jarðmyndanir felist í röskun á hraunum og í landmótun og tilflutningi á efni innan framkvæmdasvæðisins. Um 9-10 ha af hrauni muni raskast. Hraun á svæðinu séu slétt og gróin að stórum hluta og hafi að miklu leyti tapað þeim eiginleikum sem skapar verndargildi eldhrauna frá nútíma. Hraun sem um ræði séu einsleit og engar stakar hraunmyndanir muni raskast.

Fram kemur að framkvæmdasvæðið einkennist af hálfgrónum melum og hæðum. Þar séu mosáembur og graslendi, sem sé dæmigerður bersvæðisgróður og algengur allt í kringum framkvæmdirnar muni ná til um 65 ha og þar af sé mosagróður á um 40 ha, foksandur um 20 ha og graslendi um 10 ha. Um 60 % (24 ha) af mosáembunni verði fyrir beinum eða óbeinum áhrifum vegna framkvæmdarinnar en umtalsvert minna hlutfall af graslendi og foksandi muni raskast. Að framkvæmdum loknum verði svæðið grætt upp með náttúrulegum gróðri og grenndargróðri eins og hægt verði. Áhrif á gróður verði því óveruleg.

Áhrif á fornleifar. Fram kemur að engar fornleifar hafi fundist á framkvæmdasvæðinu. Um svæðið liggi gömul þjóðleið um Ólafsskarð, á leiðinni milli Ölfusár og Reykjavíkur, en þó sjáist þar ekki eiginleg slóð eða hlaðinn vegur heldur óljós sneiðingur um stórgrytisurð sem hverfi á köflum í leysingum og frostatíð. Fram kemur að bannað sé að keyra um skarðið og því sé ólíklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa áhrif. Nauðsynlegt sé þó að mæla leiðina með GPS og taka myndir af svæðinu.

Áhrif á aðra landnotkun. Fram kemur að í Aðalskipulagi Ölfus 2002-2014 sé svæðið, þar sem framkvæmdin verði, skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og sé skilgreint fyrir þá starfsemi sem fyrirhuguð framkvæmd geri ráð fyrir. Bolaöldunáma sé vestan við framkvæmdasvæðið en mögulega þurfi að sækja efni í brautir og manir vegna framkvæmdarinnar. Vegur sé í Jósepsdal en honum sé lítið viðhaldið og hann oft illfær og ekki fær minni bílum. Reiðleiðir liggi um gamlan veg, sem notaður verði sem aðkomuvegur að framkvæmdasvæðinu en einnig liggi reiðleið inn Jósepsdal. Lítill umferð hestamanna sé um svæðið. Fram kemur að vegna fyrirhugaðra framkvæmda þurfi að færa reiðleið nærri Suðurlandsvegi og um það hafi verið haft samráð við fulltrúa hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur að fáar gönguleiðir séu í nágrenni framkvæmdasvæðisins, en nokkuð sé um að fólk gangi á Vífilsfell. Þá liggi skíðagönguleið frá Litlu Kaffistofunni og inn í Jósepsdal. Fram kemur að vélhjólaaksturssvæðið sé lítið notað yfir vetrarmánuði en að framkvæmdum loknum muni skíðagöngufólk þurfa að sneiða fram hjá ökugerði og athafnasvæði VÍK. Að öðru leyti sé svæðið greiðfært fyrir skíðagöngufólk.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að í Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 sé fyrirhugað framkvæmdasvæði skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og efnistökusvæði, þar sem gert sé ráð fyrir starfsemi ökugerðis fyrir ökukenndlu og vélhjólaakstursíþróttir. Verið sé að vinna deiliskipulag fyrir svæðið.

Framkvæmdaraðili telur að þar sem taka eigi nýtt land undir mannvirki verði sjónræn áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar talsvert neikvæð en að öðru leyti verði umhverfisáhrif hennar óveruleg.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Sveitarfélagsins Ölfuss, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur og Vegagerðarinnar það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Forsætisráðuneytið bendir á að forsætisráðherra veiti leyfi ef nýta eigi vatn- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu. Vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar sé ráðuneytið því ekki leyfisveitandi í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis telur að í mati á umhverfisáhrifum þurfi að kanna betur en fram komi í gögnum málsins hvort áformuð starfsemi geti valdið hættu á mengun grunnvatns, þar með á verndarsvæðum vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Einnig þurfi að gera grein fyrir mögulegum aðgerðum sem geti lágmarkað slika ógn.

Orkuveita Reykjavíkur telur mikilvægt að ljóst sé hvernig mannvirkjum og vinnulagi í tengslum við framkvæmdina og starfsemina verði háttáð. Einnig að til staðar sé áhættumat sem taki á því hvernig tryggt verði, eins og mögulegt sé, að ekki verði mengunarslys meðan á framkvæmdum standi og á rekstrartíma og hvernig staðið verði að vöktun starfseminnar. Að uppfylltum þessum skilyrðum telji Orkuveita Reykjavíkur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Seltjarnarnesbær bendir á að nýlega hafi orðið óhapp við flutning eldsneytis í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Í ljósi þess og að fyrirhuguð framkvæmd hafi áform um tíðar ferðir vélknúinna ökutækja á svæðinu, telur sveitarfélagið að óska eigi eftir að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar verði gert.

Sveitarfélagið Ölfus bendir á að fyrirhuguð starfsemi sé í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins. Framkvæmdaraðili hafi haft samráð við Vegagerðina og hestamannafélagi í og við Ölfus varðandi skipulag framkvæmdasvæðisins. Á svæðinu verði geymt lítið af olíu og lítil hætta verði fyrir vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins af þeim sökum. Sala á veitingum og eldsneyti sé í Litlu Kaffistofunni, en slík þjónusta verði ekki hluti af fyrirhugaðri starfsemi og því kalli hún ekki á aukna umferð af þeim sökum. Hávaði sé af umferð um Suðurlandsveg, sem liggi nærri fyrirhugaðri starfsemi. Truflun af starfseminni fyrir nærumhverfið verði lítil og aðgengi að gönguleiðum á Vífilsfell verði óskert. Hrauni á svæðinu sé búið að raska vegna Suðurlandsvegar og aðkomu að Jósefsdal og efnistökusvæði í Bolaöldum.

Umhverfisstofnun bendir á að endurobrautir sem búið sé að leggja og fyrirhuguð framkvæmd nái til rúmlega 650 ha svæðis. Framkvæmdin sé því umfangsmikil og til samanburðar er bent á að efnistaka sem raski 5 ha svæði sé matsskyld. Stofnunin telur að framkvæmdin geti haft veruleg neikvæð og óafturkræf áhrif á umhverfið, m.a. hraun, og muni hafa mikið rask og landmóton í för með sér. Þá geti hávaði stafað af starfseminni og einnig ryk- og útblástursmengun.

Áhrif á grunnvatn. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að óheimilt sé að geyma eldsneytisborgðir á svæðinu og framkvæmdaraðilar muni hafa samráð við heilbrigðiseftirlitið um vöktun.

Orkuveita Reykjavíkur (OR) bendir á að olíumengun fylgi fyrirhugaðri starfsemi og nauðsynlegt sé að mannvirki séu þannig úr garði gerð að hverfandi hætta verði á að olía eða önnur mengandi efni berist í grunnvatn. Þá sé nauðsynlegt að yfirborðsvatn af aksturs-, æfinga- og keppnissvæðum renni um olíugildrur. Ekki sé ljóst af gögnum málsins hvort svo verði gert og þá telur OR ófullnægjandi að ekki sé gert ráð fyrir olíugildrum á svæðum sem ekki verði malbikuð. OR telur að olíugildru eigi að setja við geymslu á 1.000 lítrum af eldsneyti og þar sem skipt verði um olíu á vélum. Auk þess þurfi að vera til staðar viðbúnaðaráætlun vegna mengunaróhappa og áætlun um vöktun á búnaði, sérstaklega í ljósi þess að fyrirhuguð framkvæmd og starfsemi verði nærri fjarsvæði vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið og Sveitarfélagið Ölfus og verið sé að endurskoða vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Að uppfylltum þessum skilyrðum telur OR að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur að í ljósi nýlegs óhapps við við flutning olíu að Þríhnúkagíg þurfi að endurskoða fyrirætlanir um geymslu á 1.000 lítrum af bensíni á athafnasvæði VÍK og ÖÍ og að þar verði skipt um olíu á bílum.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis bendir á að með fyrirhugaðri framkvæmd aukist verulega umsvif í Bolaöldum, miðað við þá starfsemi sem þar sé fyrir. Ekki sé ljóst hvert grunnvatn undir fyrirhuguðu athafnasvæði renni, en í næsta nágrenni sé vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Röð framkvæmda sé ekki ljós en heilbrigðiseftirlitið telur mikilvægt að á fyrstu stigum framkvæmda sé gert ráð fyrir almennum mengunarvörnum, en þær verði ekki hluti af lokafrágangi, t.d. við gerð plans þar sem olíuáfylling fari fram og skemmu þar sem gert sé ráð fyrir olíuskiptum og minni háttar viðgerðum. Heilbrigðiseftirlitið telur að í mati á umhverfisáhrifum þurfi að kanna betur en fram komi í gögnum málsins, hvort áformuð starfsemi geti valdið hættu á grunnvatnsmengun, sem hafi áhrif á verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Visað er til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um eðli framkvæmdarinnar (nýting náttúruauðlinda og mengun), staðsetningu hennar (verndarsvæði).

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis tekur undir umsögn Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Í svari VÍK og ÖÍ kemur fram að samkvæmt líkani af svæðinu renni grunnvatn undir fyrirhuguðu framkvæmdasvæði til suðurs í svokölluðum Ölfusstraumi [hér er líklega átt við Selvogsstraum]. Fram kemur að settar verði upp varnir fyrir því að olía og spilliefni berist í jarðveg ef óhöpp verði, sem uppfylli kröfur heilbrigðisyfirvalda. Áréttáð er að allt ofanvatn frá malbikuðum brautum verði leitt í malarfylltar drenrásir til síunar eða í olíugildrur áður en því verði skilað aftur í grunnvatnskerfið. Sama fyrirkomulag verði vegna afrennslis frá vegum, bílastæðum, vélageymslum og þvottaplönum. Fráveita frá mannvirkjum á svæðinu verði í rotþrær. Bent er á að ofan á eldra hrauni á fyrirhuguðu athafnasvæði sé nokkuð þykkur jarðvegur og graslendi og því sé ekki talin hætta á að mengun berist í grunnvatn. Eldsneyti, hættuleg efni eða spilliefni verði að jafnaði ekki geymd á svæðinu nema í mjög litlum mæli og í starfsleyfi verði ákvæði um umgengni og frágang vegna geymslu slíkra efna. Meðan á framkvæmdum standi verði verkata gert skylt að viðhafa mengunarvarnir í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Starfsfólk verði kynntar öryggisreglur varðandi umgengni á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins eins og framkvæmdaleyfi geri ráð fyrir. Áréttáð er að mengunarvarnir á svæðinu verði gerðar í fullu samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Sveitarfélagið Ölfuss sem leyfisveitanda og Forsætisráðuneytið sem landeiganda. Fram kemur

að gerð verði áætlun um vöktun grunnvatns vegna starfsemi í nágrenni vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins þar sem gerð verði grein fyrir ábyrgð og aðkomu einstakra rekstraraðila, þar á meðal VÍK og ÖÍ. Vöktunin feli í sér reglulega sýnatöku úr borholum Orkuveitu Reykjavíkur við Sandskeið og Litlu Kaffistofuna og úr borholu á vegum VÍK. Skylt sé að hafa samstarf við OR og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands varðandi vöktunina. Þá kemur fram að sett verði viðbúnaðaráætlun sem notuð verði ef til óhappa komi.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis segir í frekari umsögn sinni að vel uppbyggt akstursíþróttu- og æfingasvæði muni hugsanlega draga úr akstri vélhjóla innan vatnsverndarsvæðisins sem nú sé gert í of ríkum mæli. Ítrekað er að þar sem framkvæmdatíminn sé ekki ákveðinn þurfi að forgangsraða þeim þáttum í framkvæmdinni er varði mengunarvarnir. Þá er bent á að sækja þurfi um heimild til viðeigandi heilbrigðiseftirlits ef nota eigi önnur efni en vatn til að skapa hálku í ökugerði ÖÍ.

Áhrif á gróður, jarðmyndanir og landslag. Umhverfisstofnun bendir á að 25 ha lands fari undi ökugerðið og 65 ha vegna vélhjólaaksturssvæðis næst Suðurlandsveginum, en einnig hafi endurobrautir verið lagðar innan svæðis sem sé í heildina 650 ha. Ökugerðið muni raska mosavöxnu hrauni. Búið sé að leggja endurobrautir í Jósepsdal og inná svæði á náttúruminjaskrá, nr. 753. Eldborgir við Lambafell. Sú framkvæmd hafi ekki komið til umsagnar Umhverfisstofnunar og jafnframt geri aðalskipulag ráð fyrir að á svæðinu séu göngu-, hjóla- og reiðstígar en ekki endurobrautir. Því hafi ekki verið forsendur fyrir lagningu brautanna, sem liggi um 650 ha svæði og svo virðist sem þær hafi verið lagðir án leyfis. Óljóst sé hvernig leggja eigi brautirnar um svæðið, en margar samsíða brautir liggi nú inn í Jósepsdal, sem sé óásættanlegt. Telur stofnunin mikilvægt að regla sé á því hvernig brautir séu lagðar og hve breiðar þær séu og ekki verði vikið út af brautunum þegar þar sé ekið. Umhverfisstofnun bendir á að stór hluti þess svæðis sem fara muni undir ökugerði sé mosagróið hraun. Telur stofnunin mikilvægt að hrauninu verði hlíft og ökugerði, þjónustusvæði og akstursbraut verði frekar valinn staður á nálægum berangri og grónum melum. Almennt muni starfsemin hafa óafturkræf áhrif á umhverfið og telur stofnunin að endurobrautir sem þegar hafi verið lagðar um svæðið séu í raun varanlegar.

Í svari VÍK og ÖÍ kemur fram að þar sem ökugerðið verði reist sé hraunið gróið mosa að hluta en að stórum hluta hulið þykkri grasþekju eða lyngmóa. Allt að 3 ha af landi muni fara undir brautir ökugerðisins og þess verði gætt að rask utan vegaxla brautanna verði í lágmarki. Endurobrautir séu ekki varanlegar brautir og auðvelt sé að jafna þeim út og græða upp. Því hafi ekki verið talin ástæða til að skilgreina þær sérstaklega í aðalskipulagi og framkvæmdin ekki tilkynningarskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Brautirnar verði þó sýndar á aðalskipulagi sem nú sé í vinnslu. Tilkoma brautanna hafi skilað þeim árangri að dregið hafi úr utanvegaakstri vélhjólfólks á suðvesturhorni landsins, til að mynda á Hengli. Búið sé að loka nokkrum brautum, þær verið græddar upp og leiðbeinandi merkingar bættar. Endurobrautir séu 2-3m breiðar þó á köflum geti þær verið breiðari þar sem bleyta sé, en á hverju sumri séu slíkir kaflar lagaðir og græddir upp. Ein braut hafi verið lögð inn í Jósepsdal og aðrar liggi ekki meðfram henni, en henni tengjast þó tvær brautir, úr austri og vestri. Fram kemur að Sveitarfélagið Ölfus, forsetisráðuneytið og Orkuveita Reykjavíkur hafi stutt starfsemina til að stemma stigu við utanvegaakstri. Brautirnar hafi verið lagðir í samræmi við samning VÍK og Sveitarfélagsins Ölfuss og með tilliti til sjónrænna áhrifa, jarðrofs og uppblásturs. Því verði ekki fallist á það að um leyfislausa framkvæmd hafi verið að ræða. Frekari lagning brauta verði í samræmi við deiliskipulag og lega þeirra muni m.a. taka mið af landslagi. Fram kemur að ein braut liggi utan jaðars svæðis á náttúruminjaskrá og hún muni ekki hafa áhrif á hraunmyndanir á svæðinu. Ítrekað er að þar sem reisa eigi ökugerði, þjónustusvæði og akstursbrautir sunnan Hringvegar, sé hraunið að stórum hluta með þykkri

grasþekju eða lyngmóa, en einnig mosa. Þess verði gætt að rask utan vegaxla brautanna verði á takmörkuðu svæði.

Í frekari umsögn áréttar Umhverfisstofnun að allt nútímahraun njóti verndar, hvort sem það er mosavaxið eða ekki. Samkvæmt gögnum málsins verði ökugerðið reist á óröskaðu eldhrauni. Þó endurobrautum sé lokað og þær græddar upp breyti því ekki að þær hafa valdið röskun. Í svörum framkvæmdaraðila komi fram að endurobrautir hafi verið lagðar með tilliti til sem minnstrar sjónmengunar, jarðrofs og uppblásturs, en ekki komi fram hvernig slíkt mat var unnið. Að mati Umhverfisstofnunar hefði þurft að tilkynna framkvæmdina á sínum tíma og deiliskipuleggja og framkvæmdin þannig metin á áætlunarstigi. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að velja frætegundir sem tryggi að gróðurlaus svæði sem grædd séu upp umhverfis brautirnar falli að þeim gróðri sem finnist annars staðar á svæðinu. Samkvæmt framkvæmdaraðila standi til að koma í veg fyrir brekkuklifur torfæruhjólamanна í Jósepsdal með því að setja hæðarmörk og leyfa eina braut til brekkuklifurs í dalnum. Ekki komi fram hver hæðarmörkin verði. Ítrekað er að endurobraut muni raska svæði á náttúruminjaskrá, Eldborgir við Lambafell og bent er á að margfaldur slóði sem vélhjól hafi myndað liggi í austur frá Jósepsdal og endi suður af Eldborg við Lambafell. Því sé þegar búið að raska hrauni innan svæðis á náttúruminjaskrá. Eðlilegt hefði verið að allir vélhjólaslóðar sem þegar hafa verið gerðir hefðu verið sýndir á loftmynd af svæðinu til að hægt sé að meta hvort áætlaðar brautir muni falla í þegar gerðar brautir.

Áhrif á hljóðvist. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem fyrirhuguð starfsemi verði sé í aðalskipulagi gert ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota. Mikilvægt sé að hávaði frá starfseminni verði vaktaður og metin verði áhrif hávaða frá umferð um endurobrautir á aðra útvist.

Í svari VÍK og ÖÍ kemur fram að göngufólk fari um svæðið á leið til og frá Vífilsfelli en önnur útvist á svæðinu sé takmörkuð. Á gönguleið á Vífilsfell verði hávaði frá motorcrossvæðinu yfir viðmiðunarmörkum á 260-270m kafla, þ.e. 47-52dB miðað við jafngildishljóðstigi í eina klukkustund. Miðað sé við að tvö hjól keyri um endurobrautirnar á hverjum klukkutíma og 45dB jafngildismörk verði um 230m út frá brautinni. Slík umferð ætti ekki að hindra aðra útvist á svæðinu.

Áhrif á fornleifar. Minjastofnun Íslands bendir á að úttekt á fornleifum hafi verið gerð á svæði hins fyrirhugaða ökugerðis og vélhjólaaksturssvæðis, en ekki á akstursbrautum utan þessara svæða. Samkvæmt gögnum málsins hafi þolakstursbrautir verið undanskildar úttektinni þar sem ekki sé um varanlegar brautir að ræða. Bendir stofnunin á að akstur á brautunum geti skaðað fornleifar og í því sambandi skipti ekki máli hvort akstursbraut sé varanleg eða ekki. Stofnunin telur mikilvægt að fornleifar verði skráðar á þessum brautum áður en ráðist verði í frekari framkvæmdir en þegar hafi verið gerðar á þessu svæði. Minjastofnun Íslands tekur undir mikilvægi þess að leiðin um Ólafsskarð verði mæld með GPS og hún ljósmynduð. Leggur stofnunin jafnframt áherslu á að tillit verði tekið til leiðarinnar við skipulagningu mannvirkja svo henni verði raskað eins lítið og mögulegt sé.

Í svari ÖÍ og VÍK kemur fram að allur akstur utan merktra brauta sé stranglega bannaður. Þolakstursbrautir séu GPS merktar og séu mjög lítið notaðar. Ekki standi til að breyta brautunum á neinn hátt sem geti haft áhrif á þjóðleiðina um Ólafsskarð og ekki sé fyrirhugað að leggja nýjar brautir.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða uppbyggingu á 25 ha ökugerði á vegum ÖkuKennarafélags Íslands (ÖÍ) og varanlegra vélhjólabrauta á vegum Vélhjólaíþróttaklúbbsins (VÍK) á 11 ha svæði við Suðurlandsveg, sunnan Litlu Kaffistofunnar. Í tengslum við ökugerðið verður byggt 200-300

m^2 geymslu- og þjónustuhúsnæði og 5.000-8.000 m^2 vélhjólahöll á athafnasvæði við vélhjólabrautirnar, sem verður geymsla fyrir vélhjól auk þvottaplans og bílastæðis. Bráðabirgðaaðstaða fyrir vélhjólaíþróttir hefur verið starfrækt á svæðinu síðan árið 2006 með tuga kílómetra slóðaneti, byrjendabrautum og keppnisbraut og eru því neikvæð áhrif af slóðunum og keppnisbrautinni komin fram. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. Starfsmenn Skipulagsstofnunar fóru á vettvang og skoðuðu aðstæður þann 11. júní.

Áhrif á jarðmyndanir og gróður. Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar felist í áhrifum á jarðmyndanir. Uppbygging VÍK og ÖÍ verður á um 37 ha svæði sunnan Suðurlandsvegar, en allstór hluti þess er raskað svæði. Ljóst er að 9-10 ha af hrauni mun raskast næst veginum, þar sem ökugerði ÖÍ verður. Um er að ræða lítt raskað slétt helluhraun vaxið mosa sem að mestu er hulið jarðvegi og mólendi. Samkvæmt gögnum málsins og niðurstöðu vettvangsferðar Skipulagsstofnunar verða fyrirhuguð mannvirkir ökugerðisins að langstærstum hluta á þessu hrauni.

Stofnunin bendir á að í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd (141. löggjafarþingi 2012–2013, þingskjall 537) þar sem fjallað er um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja, kemur fram að mesta verndargildi sé í eldhraunum með sérstæðu gróðurfari og dýralífi þar sem jarðvegur er lítt þróaður og heldur illa vatni og mosa- og fléttutegundir eru ráðandi í gróðri. Hins vegar lækki verndargildi eldhrauna við veðrun og eldhraun njóti ekki sérstakrar verndar ef þau séu að öllu leyti sandorpin eða hulin jarðvegi og gróðri og ekki sé lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða og sem hefur að öllu jöfnu tapað einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndun eða „hraunvistgerð“. Rétt er að geta þess að frumvarp laga um náttúruvernd tók mið af umfangsmikilli vinnu fagaðila með þekkingu á náttúru landsins. Þó löginn hafi ekki tekið gildi telur Skipulagsstofnun mikilvægt að ofangreindur skilningur, sem kemur fram í frumvarpinu, sé hafður til hliðsjónar þegar lagt er mat á verndargildi nútímahrauna. Í ljósi þessa og með tilliti til umfangs rasks á hrauni telur Skipulagsstofnun að áhrif á jarðmyndanir verði nokkuð neikvæð.

Fyrir liggur að á vegum VÍK er búið að móta tugi kílómetra langt net vegslóða, sem m.a. liggja upp í Jósepsdal auk þess sem slóði liggur að hluta til um svæði á náttúrumínjaskrá. Einnig liggur fyrir að VÍK vinnur að því að hefta frekari slóðamýndun og takmarka endurobrautirnar við merktar leiðir og telur Skipulagsstofnun mikilvægt að samtökin geri gangskör að því að loka brautum sem ekki eru sýndar á deiliskipulagstillögu og græði þær upp og bæti leiðbeinandi merkingar. Svo virðist sem umferð vélhjóla hafi myndað slóða um hraun suðvestan við Eldborg, sem er á náttúrumínjaskrá vegna eldvarpanna og hrauntraðanna frá þeim ásamt hrauninu umhverfis. Skipulagsstofnun telur það ámælisvert að ekið sé um hraunið á þessum stað og þannig sé jarðmyndinni sem landslagsheild ógnað og líklegt sé að lengi muni sjást ummerki eftir rask í hrauninu. Stofnunin tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar um að mikilvægi þess að ekki verði vikið út af viðurkenndum brautum þegar þar sé ekið. Að öðru leyti liggur fyrir að endurobrautirnar liggja um umfangsmikið svæði en eru almennt á ógrónu eða lítið grónu landi, sem hægt væri að endurheimta að miklu leyti með landmótun og uppgräðslu þar sem við á og raska ekki jarðmyndunum sem njóta verndar.

Að því gefnu að staðið verði við fyrirheit um að halda akstri um endurobrautir innan þeirra brauta sem kynntar hafa verið telur Skipulagsstofnun að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir verði nokkuð neikvæð. Skipulagsstofnun telur að með því að halda vélhjólaakstri innan skipulagðra svæða aukist líkurnar á að dregið verði úr utanvegaakstri.

Áhrif á grunnvatn. Í umsögnum var ítrekað bent á að fyrirhuguð framkvæmd verði nærrí fjarsvæði vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið. Bent var á mikilvægi þess að gengið verði frá mannvirkjum á þann hátt að hverfandi hætta verði á að olía eða önnur mengandi efni berist í grunnvatn og að almennar mengunarvarnir verði gerðar strax á fyrstu stigum framkvæmdarinnar, en þær verði ekki hluti af lokafrágangi. M.a. sé nauðsynlegt að yfirborðsvatn af aksturs-, æfinga- og keppnissvæðum renni um olíugildrur og einnig þar sem geyma eigi eldsneyti og skipt verði um olíu á vélum. Þá var talið mikilvægt að sett verði fram viðbúnaðaráætlun vegna mengunaróhappa og áætlun um vöktun á búnaði.

Við meðferð málsins hefur komið fram að undir fyrirhuguðu framkvæmdasvæði rennur grunnvatn í svokölluðum Selvogsstraumi til suðurs en ekki til norðurs í átt að fjarsvæði vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið. Fyrir liggur að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur veitt leyfi fyrir þeirri starfsemi sem rekin hefur verið á svæðinu frá árinu 2006 og eftirlitið bendir á í umsögn sinni að öll geymsla á eldsneytisbirgðum er óheimil og vöktun á grunnvatni verður unnin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Þá hefur komið fram að meðan á framkvæmdum stendur verða mengunarvarnir unnar í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Fyrir liggur að allt ofanvatn frá malbikuðum brautum, vegum, bílastæðum, vélageymslum og þvottaplönum verður leitt í malarfylltar drenrásir til síunar eða í olíugildrur áður en því verður skilað aftur í grunnvatnskerfið og fráveita frá mannvirkjum verður veitt í rotþrær. Þá liggur fyrir að gerð verður áætlun um vöktun grunnvatns sem felur í sér reglulega sýnatöku úr borholum Orkuveitu Reykjavíkur við Sandskeið og Litlu Kaffistofuna og úr borholu á vegum VÍK og að vöktunin verður í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Loks liggur fyrir að framkvæmdaraðilar munu gera viðbúnaðaráætlun sem notuð verður ef óhöpp verða.

Skipulagsstofnun telur að sú tilhögun sem VÍK og ÖÍ hyggjast viðhafa varðandi frágang mannvirkja, vöktun á grunnvatni og gerð viðbúnaðaráætlunar, muni skila þeim árangri að ekki sé líklegt að fyrirhuguð starfsemi muni hafa neikvæð áhrif á gæði grunnvatns á höfuðborgarsvæðinu eða í Sveitarfélögnum Ölfusi. Hins vegar telur Skipulagsstofnun eðilegt að í viðeigandi leyfum verði sett ákvæði sem tryggi að ofangreindri tilhögun verði fylgt.

Sjónræn áhrif. Fyrir liggur að bráðabirgðaaðstaða fyrir vélhjólaíþróttir hefur verið starfrækt á svæðinu síðan 2006 með tuga kílómetra slóðaneti, byrjendabrautum og keppnisbraut. Skipulagsstofnun telur því að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar séu að mestu komin fram en stofnunin telur þó ljóst að frekari sjónræn áhrif vegna ökugerðisins og nýrra bygginga á svæðinu verða nokkuð neikvæð.

Áhrif á hljóðvist. Fyrir liggur að lítil umferð hestamanna er um svæðið, en nokkuð sé um að fólk gangi á Vífilsfell og skíðagöngufólk fari um Jósepsdal á vetrum. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist verði ekki veruleg þar sem hávaðamengun verður ekki stöðug heldur mest í stuttan tíma í einu, endurtekin yfir daginn, einkum um helgar að sumarlagi.

Áhrif á fornleifar. Fyrir liggur að úttekt á fornleifum hafi verið gerð á svæði hins fyrirhugaða ökugerðis og vélhjólaaksturssvæðis en ekki á þeim svæðum sem endurobrautir liggja um. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Minjastofnunar Íslands að akstur á brautunum geti skaðað fornleifar. Þó að ekki sé fyrirhugað að breyta núverandi brautum á neinn hátt þá er mikilvægt að fornleifar séu skráðar á og við brautirnar og þurfa framkvæmdaraðilar að hafa samráð við Minjastofnun Íslands varðandi það atriði.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vélhjólaíþróttaklúbbins og

Ökukennarafélags Íslands við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vélhjólaíþróttaklúbbsins og Ökukennarafélags Íslands vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að uppbygging aksturskennslusvæðis og vélhjólaakstursbrauta við Bolaöldur sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfum Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð nr. 722/2012 um framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi Mannvirkjastofnunar skv. 62. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi eru veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 og gilt deiliskipulag. Aðalskipagsbreytingin og deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Fyrir liggur niðurstaða um umhverfisáhrif uppbyggingar aksturskennslusvæðis og vélhjólaakstursbrauta við Bolaöldur. Skipulagsstofnun bendir Sveitarfélaginu Ölfusi og VÍK og ÖÍ á að fjalla þarf um þessi áhrif í umhverfismati aðalskipulagstillögunnar fyrir svæðið. Með kynningu á aðalskipulagi og deiliskipulagi mun almenningi gefast tækifæri til að kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir.

Áður en framkvæmt er inni á svæðum á náttúruminjaskrá þarf áætlun um framkvæmdir að koma til umsagnar hjá Umhverfisstofnun skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Einnig er bent á að sækja þarf um heimild til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands ef nota á önnur efni en vatn til að skapa hálku í ökugerði ÖÍ.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að VÍK og ÖÍ og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktílhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 15. júlí 2013.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson